



KJÓSARHREPPUR

AÐALSKIPULAG 2017-2029

Greinargerð



1. mars. 2018

Breytt 3. des. 2018



Kjósarhreppur

Aðalskipulag 2017-2029

Gísli Gíslason

Ásgeir Jónsson



Ingibjörg Sveinsdóttir

Guðrún Lára Sveinsdóttir

Mynd á forsíðu er af Laxárvogi og Reynivallahálsi.

Kjósarhreppur
Aðalskipulag 2017-2029

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Kjósarhrepps þann 4.12.2018

Aðalskipulagið var staðfest af Skipulagsstofnun þann 21/12 '18





SKIPULAGSFERLI

Lýsing var auglýst frá: 1. febrúar 2016 með athugasemdafresti til: 10. febrúar 2016.

Aðalskipulagstillagan var kynnt frá: 3. nóvember 2017 til 24. nóvember 2017.

Aðalskipulagstillagan var auglýst frá: 1. júní 2018 með athugasemdafresti til: 14. júlí 2018.

Aðalskipulagstillagan var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Stefna aðalskipulags	4
1.2	Skipulagsgögn og kortagrunnar	5
2	STEFNUMÖRKUN	5
2.1	Umhverfi og yfirbragð byggðar	5
2.2	BYGGÐ	6
2.2.1	Íbúðarbyggð (ÍB).....	6
2.2.2	Frístundabyggð (F)	9
2.3	ATVINNUSVÆÐI	12
2.3.1	Landbúnaðarsvæði.....	12
2.3.2	Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL).....	16
2.3.3	Verslun og þjónusta (VP).....	18
2.3.4	Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	19
2.3.5	Samfélagsþjónusta (S).....	21
2.3.6	Íþróttasvæði (ÍÞ)	22
2.3.7	Athafnasvæði (A)	22
2.3.8	Iðnaðarsvæði (I)	23
2.3.9	Stakar framkvæmdir	24
2.3.10	Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)	25
2.4	ÓBYGGÐ SVÆÐI EÐA SVÆÐI MEÐ TAKMÖRKUNUM.....	28
2.4.1	Óbyggð svæði (ÓB).....	28
2.4.2	Strandsvæði (ST)	28
2.4.3	Opin svæði (OP)	30
2.4.4	Kirkjugarðar og grafreitir (K)	30
2.5	SAMGÖNGUR	31
2.5.1	Vegir	32
2.5.2	Reiðleiðir	32
2.5.3	Gönguleiðir	33
2.5.4	Reiðhjólaleiðir	33
2.5.5	Flugvellir.....	34
2.6	VEITUR.....	34
2.6.1	Vatnsveita	34
2.6.2	Hitaveita	34
2.6.3	Fráveita	35
2.6.4	Rafveita	35
2.6.5	Fjarskipti.....	36
2.7	VERNDARSVÆÐI OG MINJAR.....	37
2.7.1	Friðýst svæði	38
2.7.2	Hverfisvernd.....	39
2.7.3	Menningarminjar	41
2.7.4	Vatnsvernd.....	43

2.7.5	Verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum	44
2.8	NÁTTÚRUVÁ	45
3	SKIPULAGSFERLI	46
3.1	Breytingar frá eldra aðalskipulagi	46
3.2	Skipulagslýsing	47
3.3	Samráð og kynning	48
3.4	Afgreiðsla eftir kynningu aðalskipulags	48
3.4.1	Kynning tillögu	48
3.4.2	Afgreiðsla sveitarstjórnar	49
3.5	Afgreiðsla eftir auglýsingu aðalskipulags	50
4	HEIMILDIR	51
	VIÐAUKI 1 - SKÝRINGARUPPDRAETTIR	52

1 INNGANGUR

Kjósarhreppur vinnur nú sitt annað aðalskipulag sem tekur yfir allt sveitarfélagið. Nýtt skipulag er unnið á grunni stefnumörkunar eldra skipulags. Megin landnotkun í sveitarfélaginu er hefðbundinn landbúnaður.

Umfjöllunin miðast við landnotkun eins og hún er í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Auk lýsingar á svæðum er sett fram stefnumörkun í einstökum málaflokkum sem tengjast viðkomandi landnotkun. Stefna í aðalskipulagi skal lögð til grundvallar við gerð deiliskipulags og framkvæmdaáætlaða og við ákvarðanatöku í sveitarfélaginu.

Vinnuhópur við aðalskipulagsgerðina

Tillögugerð og úrvinnsla aðalskipulagsins var unnin af Guðnýju G. Ívarsdóttur sveitarstjóra, Þórarni Jónssyni, Gunnari L. Helgasyni, Oddi Víðissyni og Maríönnu H. Helgadóttur. Einnig starfaði Jón Eiríkur Guðmundsson skipulagsfulltrúi með hópnum.

Tillögugerð, úrvinnsla og framsetning aðalskipulagsins var unnin af starfsfólki EFLU ehf, þeim Gísla Gíslasyni, Ásgeiri Jónssyni og Guðrúnu Láru Sveinsdóttur. Einnig komu aðrir starfsmenn að vinnunni eftir þörfum. Í tengslum við aðalskipulagsgerðina var landbúnaðarland flokkað undir stjórn Ásgeirs Jónssonar og Guðrúnar Láru Sveinsdóttur.

1.1 STEFNA AÐALSKIPULAGS

Markmið með gerð aðalskipulags er að stuðla að „*skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi*“ sbr. 1 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, lið b.

Í aðalskipulagi er lögð fram stefna sveitarstjórnar varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, umhverfismál, samgöngu- og þjónustukerfi sveitarfélagsins, til næstu 12 ára. Gildandi aðalskipulag skal yfirfarið í upphafi hvers kjörtímabils og nýrri sveitarstjórn ber skv. 35. gr. skipulagslaga, að meta hvort endurskoða skuli skipulagið.

Það sem einkum hefur verið haft að leiðarljósi við skipulagsvinnuna er að styrkja svæðið sem ákjósanlegt svæði til búsetu og atvinnuuppbyggingar og almennt til orlofsdvalar jafnframt því að stuðla að skynsamlegri landnotkun í sveitarfélaginu til framtíðar.

Leiðarljós við gerð aðalskipulagsins er eftirfarandi:

Skipulagið skal stuðla að hagkvæmri þróun byggðar, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.

Meginstefna sveitarstjórnar er:

- Að sveitarfélagið haldi yfirbragði dreifbýlis.
- Að efla byggð og atvinnulíf.
- Að stuðla að betri samgöngum og fjarskiptum.
- Að stuðla að fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifærum.
- Að standa vörð um þá sérstöðu og aðdráttarafl sem svæðið býr yfir.
- Að leita hagkvæmra lausna í samgöngum og stuðla að betra umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggðar innan héraðs, m.a. vegna skólaaksturs, atvinnusóknar og ferðaþjónustu.
- Að stuðla að fjölbreyttari möguleikum til útivistar, m.a. með göngu-, reið- og hjólaleiðum.



Mynd 1. Kjósarhreppur.

- **Að stuðlað verði að gróðurvernd og fjölbreyttri landnýtingu í samræmi við landgæði og ástand lands.**
- **Að standa vörð um vernd grunnvatns sem neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.**
- **Að stuðla að varðveislu sérkenna, náttúru- og söguminja og annarra umhverfislegra gæða.**
- **Að marka stefnu um nýtingu vatns- og vindorku.**

Áfram er gert ráð fyrir að stundaður verði öflugur landbúnaður í sveitarfélaginu ásamt ýmis konar matvælaframleiðslu. Ferðaþjónusta mun njóta góðs af öflugri matvælaframleiðslu og áhugi er á vörum „beint frá býli“. Verndun vatnsverndarsvæða stuðlar einnig að öruggari matvælaframleiðslu.

Nýting jarðhita er töluverð og lagningu hitaveitu er nær lokið. Lögð er áhersla á áframhaldandi nýtingu jarðhitans, bæði til að styrkja atvinnulíf, til matvælaframleiðslu og til að bæta lífsgæði íbúa.

Öflugt netsamband bætir lífskjör íbúa og er forsenda ýmis konar fjarvinnslu og fjarnáms. Lagningu ljósleiðra um allt sveitarfélagið er nær lokið.

1.2 SKIPULAGSGÖGN OG KORTAGRUNNAR

Uppdrættir eru unnir á stafræna kortagrunna (IS50v) frá Landmælingum Íslands og loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Kortagrunnar eru í ISN93. Sveitarfélagamörk eru sýnd eins og þau eru á kortagrunnum Landmælinga Íslands (IS50v). Óvissa er um hvort mörk milli Bláskógabyggðar og Kjósarhrepps séu rétt. Engu að síður eru sveitarfélagamörkin sýnd eins á aðalskipulagsuppdráttum þessara sveitarfélaga.

Landamerki eru skv. nytjalandsgrunni RALA. Landamerki eru óstaðfest og í einhverjum tilfellum óviss og því einungis sýnd til skýringar.

Skipulagið er sett fram í greinargerð og á skipulagsuppdráttum. Forsendur og umhverfisskýrsla eru í sérhefti. Auk aðaluppdráttar er aðalskipulagið sett fram á nokkrum skýringaruppdráttum til þess að skýra forsendur og helstu þætti skipulagsins.

Skipulagsuppdrættir:

- Aðalskipulagsuppdráttur í mkv. 1:50.000.

Skýringaruppdrættir í mkv. 1:85.000:

1. Landbúnaðarsvæði, skógræktarsvæði og ræktað land.
2. Flokkun landbúnaðarlands.
3. Byggð.
4. Samgöngur og námur, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir.
5. Verndarsvæði. Svæði á náttúruminjasrá, hverfisvernd og vatnsvernd.
6. Menningarminjar skv. aðalskráningu.
7. Ferðaþjónusta og áhugaverðir staðir í mkv. 1:110.000.

Svæði sem auðkennd eru með hringtákn á skipulagsuppdrætti geta verið allt að 5 ha að stærð.

2 STEFNUMÖRKUN

Megin landnotkun í byggð er landbúnaður þó frístundasvæði nái einnig yfir talsvert stóran hluta.

Í þessum kafla er sett fram stefnumörkun fyrir umhverfi og yfirbragð byggðar (kafla 2.1), byggð (kafla 2.2), atvinnusvæði (kafla 2.3), óbyggð svæði eða svæði með takmörkunum (kafla 2.4.3), samgöngur (kafla 2.5), veitur (kafla 2.6), verndarsvæði (kafla 2.7) og svæði undir náttúruvá (kafla 2.8).

2.1 UMHVERFI OG YFIRBRAGÐ BYGGÐAR

Samkvæmt landsskipulagsstefnu ber sveitarfélögum að marka stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Þar segir enn fremur að ákvarðanir um staðsetningu og hönnun mannvirkja skuli taka mið af byggingarhefðum, landslagi og staðhátum. Gæta skuli að hagkvæmni varðandi

samgöngur og veitur og að byggð skerði ekki að óþörfu gott landbúnaðarland eða svæði sem eru mikilvæg vegna náttúrufars (*Skipulagsstofnun, 2015*). Það er einnig vilji sveitarfélagsins að umgengni sé hvarvetna til fyrirmyndar.

Stefna:

- **Halda skal í dreifbýlisfyrirbragð í sveitarfélaginu.**
- **Mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað.**
- **Mannvirki skulu ekki spilla náttúru- eða menningarminjum.**
- **Umgengni verði til fyrirmyndar.**
- **Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.**

Leiðir:

- o *Huga skal að náttúrufari og minjum áður en deiliskipulagsvinna hefst, m.a. til að lágmarka áhrif á mikilvægar jarðmyndanir, minjar og gróðursvæði.*
- o *Við hönnun mannvirkja verði lögð áhersla á að þau fari vel í landi og taki mið af því byggðamynstri sem halda skal í.*
- o *Dreifbýlisfyrirbragð á íbúðarsvæðum felur í sér að hús standi frekar stakstæð fremur en að vera í beinum röðum meðfram götu. Útlit og yfirbragð bygginga er ekki samræmt sérstaklega milli lóða sem geta verið misstórar og því mislangir afleggjarar heim að húsum.*
- o *Við gerð deiliskipulags skal vinna húsakönnun þar sem það á við, til hliðsjónar við skipulagsgerðina og hönnun nýrra mannvirkja.*
- o *Forðast skal óþarfa lýsingu, ljósi beint niður eða það skermað af og haft í huga að ljós valdi nágrönnum sem minnstum óþægindum.*
- o *Byggingum verði vel viðhaldið og ónýtar byggingar rifnar og fjarlægðar. Þó skal gætt að varðveislu gildi bygginga með tilliti til menningar- og sögulegs gildis þeirra.*
- o *Íbúar verði hvattir til snýrtilleggrar umgengni, reglulega verði staðið fyrir hreinsunarátaki í sveitarfélaginu.*

Í byggingareglugerð nr. 112/2012 eru m.a. sett fram markmið fyrir verndun náttúrufars og eins fyrir birtu og lýsingu. Í gr. 15.1.1 segir: „við hönnun og gerð mannvirkja ber ávallt að taka tillit til umhverfis og náttúrufars. Leitast skal við, eftir því sem aðstæður leyfa, að láta mannvirki falla sem eðlilegast að umhverfinu og hafa sem minnst truflandi áhrif á náttúrufar og gerð landslags í næsta nágrenni“.

Í gr. 10.4.1. segir: „Mannvirki skulu þannig hönnuð og byggð að öll birtuskilyrði og ljósmagn sé í fullu samræmi við þá starfsemi sem fer fram við eða innan mannvirkisins, án þess að óeðlilegur truflandi hiti eða óeðlileg glýjumyndun verði vegna lýsingar. Við mat á eðlilegum birtuskilyrðum ber að taka tillit til þarfa allra aldurshópa“.

Í grein 10.4.2. segir enn fremur að „við hönnun á útilýsingu skal þess gætt að ekki verði um óþarfa ljósmengun að ræða frá flóðlýsingu mannvirkja. Tryggja skal að útilýsingu sé beint að viðeigandi svæði og nota skal vel skermaða lampa sem varpa ljósinu niður og valda síður glýju og næturbjarma“.

Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taki mið af umhverfinu. Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar á rotþrósm.

2.2 BYGGÐ

Undir þessum kafla er fjallað um íbúðarbyggð (kafla 2.2.1) og frístundabyggð (kafla 2.2.2).

2.2.1 Íbúðarbyggð (ÍB)

Í grein 6.2 í Skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er íbúðarbyggð skilgreind sem „Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins“.

Stefna:

- Íbúðarsvæði haldi yfirbragði dreifbýlis.
- Ný svæði fyrir íbúðarbyggð skulu staðsett með tilliti til núverandi samgöngu- og veitukerfa.
- Íbúðarbyggð verður skipulögð utan góðs landbúnaðarlands og tekur mið af yfirbragði svæðisins sem dreifbýlis.
- Íbúðarbyggð verði ekki heimiluð á svæðum sem eru möguleg hættusvæði vegna náttúruvár.

Leiðir:


- o Gert er ráð fyrir að hvert einbýlishús hafi skilgreinda lóð.
- o Ný íbúðarbyggð verði ekki skipulögð á góðu landbúnaðarlandi, í flokki I og II. Hönnun og staðsetning mannvirkja skal taka mið af sem bestri samnýtingu vega og veitukerfa.
- o Huga skal að náttúrufari og minjum áður en deiliskipulagsvinna hefst til að lágmarka áhrif á mikilvægar jarðmyndanir, minjar og gróðursvæði.
- o Gert er ráð fyrir að byggð verði lágreist á 1-2 hæðum, nýtingarhlutfall getur verið allt að 0,05. Byggingarmagn verði að hámarki 650 m².
- o Á hverju svæði verða að hámarki 8 íbúðarlóðir, hver að jafnaði ekki minni en 0,5 ha.
- o Hönnun og staðsetning nýrra íbúðarhúsa skal taka mið af yfirbragði dreifbýlis, byggingarhefðum, landslagi og staðhættum.
- o Við skipulag byggðar verður horft til mögulegra hættusvæða s.s. vegna ofanflóða / skriðufalla.
- o Tryggt verði að ekki verði hróflað við fornleifum, friðlýstum eða friðuðum minjum vegna uppbyggingar, nema í samráði við þar til bæra aðila.
- o Ný íbúðarsvæði innan hvernar jarðar verða ekki tekin til skipulagsmeðferðar fyrr en minnst 2/3 hlutar fyrri íbúðarsvæða hafa verið byggðir.

Samkvæmt vef Hagstofunnar voru, þann 31. desember 2011, 65 íbúðir í notkun í sveitarfélaginu og 8 mannvirki af tegundinni annað húsnæði (húsnæði sem nýtt er til mannabústaðar t.d. skúrar, hjallar, hjólhýsi). Af þessum 65 íbúðum voru 56 í einbýlishúsum, 2 í tvíbýlishúsum og 7 í byggingum með þrjár eða fleiri íbúðir. Árið 2017 voru skráðar 99 íbúðir í sveitarfélaginu, þar af voru 90 einbýli, 6 tvíbýli og 3 íbúðir voru í húsnæði sem ekki er íbúðarhúsnæði. Þann 1. janúar 2012 voru íbúar í Kjósarhreppi 220 talsins. Í ársbyrjun 2017 voru skráð íbúðarhús í sveitarfélaginu 83, þar af 77 skráð lögheimili en 6 þar sem ekki var um fasta búsetu að ræða.

Mynd 2 sýnir fjölda nýrra íbúðarhúsa sem byggð voru í dreifbýlinu á árunum 2001 – 2016. Samkvæmt gögnum frá Fasteignaskrá voru byggð 32 hús á þessu árabili, þar af 11 hús árið 2006.

Ein af forsendum íbúafjölgunar er að til staðar sé gott framboð íbúðarlóða. Sveitarfélagið er vel í sveit sett hvað varðar samgöngur til höfuðborgarsvæðisins og einnig til nærsveitanna Hvalfjarðarsveitar og Bláskógabyggðar. Fasteignaverð hefur sveiflast nokkuð á undanförunum árum og mikil uppbygging hefur átt sér stað í nágrenni höfuðborgarsvæðisins

og Kjósinn er þar engin undantekning. Á árunum 2005 – 2010 voru byggð 22 íbúðarhús í sveitarfélaginu (sjá Mynd 2) og á sama tímabili fjölgaði íbúum um 54. Ferðapjónustan hefur einnig haft mikil áhrif á framboð íbúða á undanförunum árum og ætla má að sú þróun haldi áfram. Við framreikning íbúafjölda í



Mynd 2. Fjöldi nýrra íbúðarhúsa í dreifbýli, byggð á árunum 2001 – 2016 (Heimild: Fasteignaskrá).

svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins (Höfuðborgarsvæði 2040) er horft til þátta sem geta haft áhrif á það hvort fólk flytur búferlum og þar skiptir mestu máli framboð lóða og bygginga¹. Í fylgiriti 3 með Höfuðborgarsvæðinu 2040, Þróun og framreikningur íbúa á höfuðborgarsvæðinu, segir m.a. á bls. 5: „Tiltölulega vélrænn framreikningur eins og hér er gerður byggir einkum á sögulegri þróun og þannig er horft framhjá skipulags- og lóðamálum sem geta haft veruleg áhrif á íbúðarþróun. Ber að taka þeim tölum sem hér eru birtar um einstök sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu með þessum fyrirvara“. Í Höfuðborgarsvæði 2040 er gert ráð fyrir fækkun íbúa í Kjósarhreppi sem stafi af lítilli náttúrulegri fjölgun íbúa sökum aldurssamsetningar og einnig vegna skorts á lóðum fyrir íbúðarhús. Vilji er til þess að skipuleggja íbúðarbyggð og auka þar með lóðaframboð í sveitarfélaginu til að stuðla að íbúafjölgun á skipulagstímabilinu. Stærð svæða og fjöldi lóða á svæðum fyrir íbúðarbyggð eru í samræmi við þá íbúafjölgun sem spá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að eigi sér stað á skipulagstímabilinu, sjá kafla 3.1 í Forsenduhefti.

Ný íbúðarhús skulu, eftir því sem við verður komið, nýta sömu heimreið, vera í ákveðnum tengslum og samhengi við aðra byggð á jörðinni og fylgja eftir því sem kostur er byggðamynstri viðkomandi svæðis. Markmiðið er að ekki verði fjölgað tengingum við þjóðveg, að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt og að nýjum húsum verði komið fyrir í samræmi við byggingarhefðir og yfirbragð sveitarinnar.

Við skipulag nýrra svæða skal, eftir því sem aðstæður leyfa, byggja í grennd við núverandi vegi og veitukerfi. Markmiðið er að fjölga sem minnst tengingum við stofn- og tengivegi, að veitur nýtist sem best og að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt. Íbúðarlóðir á skilgreindum íbúðarsvæðum verða að lágmarki 0,5 ha að stærð og nýtingarhlutfall allt að 0,05 en byggingarmagn innan lóðar fer þó aldrei yfir 650m². Ný íbúðarsvæði verða að hámarki með 8 íbúðarlóðir og ekki verða sett inn ný svæði fyrr en 2/3 hlutar fyrir áfanga hafa verið byggðir.

Svæði fyrir íbúðarbyggð		
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
ÍB1	Miðbúð	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 7 íbúðarlóðir. Stærð svæðis er um 5 ha.
ÍB2	Harðbali	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 5 íbúðarlóðir. Svæðið er fullbyggt. Stærð svæðis er um 20 ha.
ÍB3	Lækjarbraut	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Á svæðinu eru fjórar íbúðarlóðir. Svæðið er fullbyggt. Stærð svæðis er um 8 ha.
ÍB4	Eilífsdalur	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Á svæðinu eru 5 hús. Gert er ráð fyrir 8 lóðum. Svæðið var áður skilgreint sem frístundasvæði, F8. Stærð svæðis er um 16 ha.
ÍB5	Möðruvellir	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Gert er ráð fyrir allt að 8 lóðum. Svæðið er um 5 hektarar og er óbyggt.
ÍB6	Þorlaksstaðavegur	Svæðið er deiliskipulagt fyrir fimm lóðir. Á svæðinu eru 3 hús. Svæðið var áður skilgreint sem frístundasvæði, F10c. Stærð svæðis er allt að 5 ha.
ÍB7	Meðalfellsvegur	Á svæðinu eru 5 íbúðarlóðir, þrjár lóðir byggðar. Fjórar af lóðunum voru áður skilgreindar sem frístundasvæði F10d. Stærð svæðis er allt að 3 ha.
ÍB8	Eyri	Nýtt íbúðarsvæði fyrir allt að 8 lóðir, stærð svæðis er um 20 ha.

Samtals er gert ráð fyrir 50 íbúðarlóðum á ofangreindum íbúðarsvæðum, samtals á um 82 ha svæði. Meirihluti lóðanna er nú þegar byggður en 30 lóðir eru óbyggðar.

Ekki hefur verið unnin húsnæðisáætlun í sveitarfélaginu.

Íbúar í sveitarfélaginu voru 220 í ársbyrjun 2017. Miðað við miðspá Hagstofunnar er gert ráð fyrir að íbúum fjölgi um tæpt 1 % á ári og verði orðnir um 240 talsins við lok skipulagstímabilsins. Því er gert ráð fyrir að þeim fjölgi um 20 manns á 12 árum. Samkvæmt svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er hins vegar gert ráð fyrir að íbúum fækki um 42 til ársins 2025 og um 49 manns til ársins 2040 (sbr. kafla 3.1 í Forsenduhefti). Þá sýnir aldurssamsetning íbúa að fjölga muni í hópi eldri borgara á skipulagstímabilinu

¹ (Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, 2015).

og gera má ráð fyrir að hluti þeirra vilji flytja í hentugra húsnæði. Ennfremur má ætla að hluti aldraðra flytji á öldrunarheimili og þar af leiðandi úr sveitarfélaginu.

Spá um íbúafjölgun ber að taka með fyrirvara þar sem ýmsir þættir geta haft þar áhrif s.s. þróun húsnæðisverðs í nágrennasveitarfélögum og þá einkum á höfuðborgarsvæðinu. Lagning hitaveitu og ljósleiðara í sveitarfélaginu getur einnig aukið eftirspurn eftir húsnæði.

Í Kjósarhreppi eru flest íbúðarhúsin á bæjartorfunum og tengjast búrekstri. Hins vegar hafa á undanförnum árum verið byggð nokkuð mörg íbúðarhús utan bæjartorfa og ótengd búskap. Gert er ráð fyrir að sú þróun geti haldið áfram en þó á skipulögðum íbúðarsvæðum svo samnýta megi vegi og veitur. Þeim íbúðarsvæðum sem heimiluð eru í aðalskipulaginu er ætlað að mæta þeirri spá um íbúafjölgun sem Hagstofan gerir ráð fyrir, auk þess sem þeim er ætlað að stuðla að íbúafjölgun með nægu framboði íbúðarlóða.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Stefna um íbúðarbyggð hefur á heildina litið óveruleg eða jákvæð áhrif á umhverfisþætti en líkur eru á að með meira framboði af lóðum fyrir íbúðarhús muni íbúum fjölga. Stefna sveitarstjórnar er að efla byggð en halda í dreifbýlisýfirbragð og því eru lóðir fremur stórar og fáar á hverjum stað fyrir sig. Að byggja nokkur hús saman í stað stakra húsa stuðlar að hagkvæmri uppbyggingu með bættri nýtingu vega og veitna. Ein af forsendum íbúafjölgunar samkvæmt Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 er nægt framboð íbúðarlóða. Þrátt fyrir að stefna um íbúðarbyggð í dreifbýli samræmist ekki landsskipulagsstefnu vill sveitarstjórn stuðla að íbúafjölgun í sveitarfélaginu og nægt framboð íbúðarlóða er ein af forsendum þess að svo megi verða.

2.2.2 Frístundabyggð (F)

Frístundabyggð er gr. 6.2 í Skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, „*svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum*“.

Stefna:

- Sveitarfélagið verði áfram eftirsótt til frístunda og útivistar í rólegu umhverfi.
- Frístundabyggð verður skipulögð utan góðs landbúnaðarlands.
- Frístundabyggð verði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúru-fars, auðlinda, náttúruvár, sögu eða almenns útivistargildis.
- Allar nýjar frístundabyggðir skulu áfangaskiptar.
- Viðhalda skal yfirbragði eldri gróinna byggða.
- Tryggja sem best eðlilegt viðhald eldri byggða.
- Sameiginlegar veitur og vegir verði þar sem þéttleiki byggðar og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- Tryggja sem best öryggi í frístundabyggðum.
- Öll ný svæði fyrir frístundabyggð skulu deiliskipulögð.
- Unnin verður viðbragðsáætlun vegna gróður- og kjarrelda.

Leiðir:

- o Frístundabyggð verði sem mest á samfelldum svæðum, þannig að vegir og veitur nýtist sem best.
- o Þar sem ný hús/hverfi eru byggð innan um eða í beinum tengslum við núverandi byggð skal skipulag, ásýnd og yfirbragð taka mið af eldri byggð.
- o Ný frístundabyggð verði ekki skipulögð á góðu landbúnaðarlandi, í flokki I og II. Núverandi frístundasvæði innan flokka I og II verða felld út við næstu endurskoðun aðalskipulags séu framkvæmdir ekki hafnar skv. samþykktu deiliskipulagi.
- o Ný frístundabyggð verði ekki skipulögð á skilgreindu hættusvæði vegna náttúruvár.
- o Ný frístundasvæði innan hvernar jarðar verða ekki tekin til skipulagsmeðferðar fyrr en minnst 2/3 hlutar fyrri áfanga hafa verið byggðir.


- o Áhersla verði á góðar samgöngur um meginleiðir en hæga umferð um sjálf frístundasvæðin, samhliða góðu aðgengi að gönguleiðum.
- o Skipulag byggðar taki mið af því að halda opnum gömlum og hefðbundnum göngu- og reiðleiðum og almennum gönguleiðum milli aðliggjandi svæða og aðgengi að áhugaverðum útivistarsvæðum og náttúrufyrirbærum.
- o Tryggt verði að ekki verði hróflað við fornleifum, friðlýstum eða friðuðum minjum vegna uppbyggingar, nema í samráði við þar til bæra eftirlitsaðila.
- o Við skipulag byggðar skal hugað að því að mikilvægar jarðmyndanir og gróðursvæði, s.s. náttúrulegt birkikjarr, verði fyrir sem minnstum áhrifum vegna framkvæmda.
- o Við deiliskipulag frístundasvæða, sem ekki hafa verið skipulögð, skulu lóðir að jafnaði vera á stærðarbilinu 0,3 - 1 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03. Heildar byggingarmagn á lóð verði þó ekki meira en 200 m², þar með talið geymslur, gestahús, skúrar og skýli. Mænishæð getur verið að hámarki 6 m m.v. gólfhæð neðstu hæðar.
- o Á svæðum við Meðalfellsvatn sem liggja nær vatninu en 50 m getur nýtingarhlutfall verið allt að 0,10. Heildar byggingarmagn verði þó aldrei meira en 150 m². Vinna skal deiliskipulag vegna nýrra bygginga.
- o Innan hverfisverndarsvæða skal huga sérstaklega að fráveitumálum s.s. frárennsli frá heitum pottum.
- o Að jafnaði skulu viðbyggingar/stækkanir á húsum ekki ná nær ár- eða vatnsbakka en nú er.
- o Landeigandi/félög sumarhúsaeigenda skulu vinna viðbragðsáætlanir vegna gróðurelda fyrir núverandi frístundasvæði í samráði við Brunavarnir í Kjós.
- o Við stofnun nýrra lóða skal liggja fyrir deiliskipulag.
- o Í deiliskipulagi frístundabyggðar skal gera grein fyrir vatnstökustöðum þar sem nálgast má slökkvivatn. Til er áætlun um byggingar og aðgengi að húsum og vatnstökustöðum fyrir slökkvilið.
- o Við deiliskipulag frístundabyggðar skal gera grein fyrir mögulegum flóttaleiðum vegna gróður- og kjarrelda.

Fjöldi skilgreindra svæða fyrir frístundabyggð er 34. Samkvæmt gögnum frá Fasteignaskrá voru 200 frístundahús í sveitarfélaginu árið 2000 en árið 2016 voru þau orðin 563.

Skilgreind eru frístundasvæði á um 941 ha svæði. Breyting á stærð frístundasvæða er til kominn vegna nákvæmari afmörkunar svæðanna auk þess sem tvö ný svæði eru sett inn, F26a og b. Á árunum 2001 – 2016 voru byggð 363 ný frístundahús, sjá Mynd 3. Flest húsin voru byggð árið 2005 eða alls 199 hús.

Frístundabyggð skal rísa sem mest á samfelldum svæðum og leitast skal við að samnýta vegi og veitur.

Fjallað er um stök frístundahús í kafla 2.3.9.



Mynd 3. Ný frístundahús byggð á árunum 2001 – 2016 (Heimild: Fasteignaskrá).

Innan frístundabyggðar er heimilt að vera með þjónustu sem ætla má að þjóni viðkomandi svæði. Heimilt er að leigja út frístundahús fyrir heimagistingu skv. 13. gr. reglugerðar nr. 1277/2016. Önnur tegund gistipjónustu er óheimil í frístundabyggðum. Minnt er á að skv. reglugerð um neysluvatn skulu vatnsból með 25 húsum o.fl. hafa starfsleyfi.

Nokkur fjöldi gamalla sumarhúsasvæða eru í Kjósarhreppi þar sem lóðir eru litlar (sumar um 1.000 m²), einkum við Meðalfellsvatn. Á þessum lóðum eru lítil hús, mörg komin til ára sinn og sum hver standast ekki kröfur nútímans. Við endurbætur og/eða breytingar á eldri húsum skal leitast við að halda í yfirbragð eldri byggðar hvað varðar útlit, hæð og byggingarefni húsa. Að jafnaði skulu viðbyggingar ekki fara nær ár- eða vatnsbökkum en nú er. Á þessum svæðum er gert ráð fyrir að nýtingarhlutfall geti verið allt að 0,10, en nýtingarhlutfall er samantlagt byggingarmagn allra húsa á viðkomandi lóð. Stefnt er að því að eldri frístundasvæði verði deiliskipulögð.

Á uppdrætti eru frístundasvæði undir 5 ha auðkennd með hringtákn. Svæði fyrir frístundabyggð eru talin upp í töflu hér að aftan. Greint er frá því hvort svæðin séu deiliskipulögð og eru þær upplýsingar fengnar af skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar. Einnig er fjöldi byggðra húsa innan hvers svæðis talinn skv. loftmynd. Því er mögulegt að ný hús hafi verið byggð frá því loftmyndin var tekin. Frístundasvæði geta náð yfir fleiri en eina jörð. Lóðum og byggingum getur fjölgað á svæðum sérstaklega þar sem ekkert deiliskipulag er í gildi, í samræmi við stærðartakmarkanir lóða og nýtingarhlutfall.

Svæði fyrir frístundabyggð		
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F1	Kiðafell	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Á svæðinu eru 8 hús. Stærð svæðis er um 7 ha.
F2	Morastaðir	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Á svæðinu eru 4 hús. Stærð svæðis er um 7 ha.
F3	Miðdalur	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Tvö hús eru á svæðinu. Stærð svæðis er um 3 ha.
F4a	Flekkudalur	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 5 lóðir. Svæðið er óbyggt. Heimilt er að reisa frístundahús og geymslu, heildarstærð bygginga er allt að 200 m ² . Stærð svæðis er um 2 ha.
F4b	Flekkudalur	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 15 lóðir. Gert er ráð fyrir allt að 20 lóðum. Tvö hús eru á svæðinu. Heimilt er að reisa frístundahús og geymslu, heildarstærð bygginga getur verið allt að 200 m ² . Stærð svæðis er um 19 ha.
F5	Blönduholt og Púfa	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Á svæðinu eru 20 hús. Stærð svæðis er um 44 ha.
F6	Púfukot	Svæðið er deiliskipulagt að hluta fyrir allt að 12 lóðir. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 16 ha.
F8	Eilífsdalur	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Á svæðinu eru fjórar lóðir, Tvær lóðir eru byggðar. Stærð svæðis er um 3 ha.
F9	Bær	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 94 ha.
F10a	Meðalfell	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Á svæðinu eru um 110 hús. Fimm lóðir eru óbyggðar. Stærð svæðis er um 97 ha.
F10b	Meðalfell	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Á svæðinu eru 50 hús. Fjórar lóðir eru óbyggðar. Stærð svæðis er um 65 ha.
F10d	Meðalfell	Svæðið er deiliskipulagt að hluta. Á svæðinu eru 33 hús. Stærð svæðis er um 21 ha.
F11	Eyjar I	Svæðið er deiliskipulagt að hluta til fyrir 54 lóðir. Heimilt er að reisa frístundahús og aukahús, samtals allt að 120 m ² . Á svæðinu eru 40 hús. Stærð svæðis er um 28 ha.
F12a	Sandur og Eyjar II	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Fjögur hús eru á svæðinu. Stærð svæðis er um 24 ha.
F12b	Sandur	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Átta hús eru á svæðinu. Stærð svæðis er um 37 ha.
F13	Grjóteyri	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Á svæðinu eru 40 hús. Stærð svæðis er um 24 ha.
F13a	Eyjar II	Svæðið er deiliskipulagt að hluta fyrir 27 lóðir. Á svæðinu eru 17 hús. Stærð svæðis er um 17 ha.
F13b	Eyjar II	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 3 lóðir. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 2 ha.
F15a	Möðruvellir I /Norður-nes og Lækir	Svæðið er deiliskipulagt að hluta fyrir 42 lóðir. Á svæðinu eru 50 hús. Stærð svæðis er um 71 ha.
F15c	Möðruvellir I, Brekkur	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Á svæðinu eru 5 hús. Stærð svæðis er um 9 ha.
F16	Fremri-Háls	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Á svæðinu eru 5 hús. Stærð svæðis er um 16 ha.

F17	Vindás	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 16 lóðir. Á svæðinu eru 8 hús. Heimilt er að reisa frístundahús á 1½ hæð með kjallara, auk geymslu, gestahúss og gróðurhúss. Heildarbyggingarmagn getur verið allt að 250 m². Stærð svæðis er um 60 ha.
F18a	Valdastaðir	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Á svæðinu eru 4 hús. Stærð svæðis er um 65 ha.
F18b	Neðri-Háls.	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Á svæðinu eru tvö hús. Stærð svæðis er um 4 ha.
F19	Neðri-Háls	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 21 lóð. Á svæðinu eru 6 hús. Stærð svæðis er um 27 ha.
F20a	Hvammur	Svæðið er deiliskipulagt að hluta fyrir 67 lóðir. Á svæðinu eru 50 hús. Stærð svæðis er um 43 ha.
F20b	Háls	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 19 lóðir. Á svæðinu eru 11 hús. Stærð svæðis er um 21 ha.
F21	Hvammur/ Hvammsvík	Í gildi er deiliskipulag en unnið er að nýju skipulagi þar sem eru allt að 60 lóðir. Á svæðinu er 1 hús. Stærð svæðis er um 23 ha.
F22a	Skorhagi	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 39 ha.
F22b	Skorhagi	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 11 ha.
F23	Eyri	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 17 frístundalóðir. Á svæðinu eru 10 hús. Stærð svæðis er um 22 ha.
F25	Hjalli	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Á svæðinu eru 4 hús. Stærð svæðis er allt að 6 ha.
F26a	Ásamýri	Gert er ráð fyrir 4 frístundahúsum beggja vegna Meðalfellsveggar. Stærð svæðis er um 6 ha.
F26b	Ásamýri/Íra- fell	Gert er ráð fyrir 5 frístundahúsum. Stærð svæðis er um 8 ha.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Stefna um frístundabyggð er talin hafa óveruleg áhrif á náttúru, landslag og ásýnd, samfélag og minjar. Sveitarstjórn vill að sveitarfélagið verði áfram eftirsótt til frístunda og útivistar og því er ákvæði um að ný frístundabyggð verði ekki heimiluð á landbúnaðarlandi í flokki I og II mikilvæg varðandi þróun frístundabyggðar á komandi árum. Stór frístundasvæði eru óbyggt og því ætti ekki að þurfa að skilgreina ný svæði. Verði ekki hafnar framkvæmdir á frístundasvæðum samkvæmt samþykktu deiliskipulagi við næstu endurskoðun aðalskipulags þá verða þau svæði, sem eru á landbúnaðarlandi í flokki I og II, felld út. Öll uppbygging nýrra svæða verður áfangaskipt.

2.3 ATVINNUSVÆÐI

Í þessum kafla er fjallað um atvinnusvæði í dreifbýli. Megin landnotkun í dreifbýlinu er landbúnaður.

2.3.1 Landbúnaðarsvæði

Landbúnaðarsvæði er skv. gr. 6.2. í Skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, skilgreint sem „Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu“.

Stefna:

- Landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta á slíkum svæðum.
- Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland (flokkur I og II) verði ekki tekið til annarrar landnýtingar sem takmarki matvælaframleiðslu til framtíðar.
- Landbúnaður verði eflur sem atvinnugrein og leitað leiða til uppbyggingar stoðgreina hans.
- Landnýting sé í sátt við náttúruna.
- Stuðla skal að umhverfisvernd og endurheimt landgæða innan sveitarfélagsins.
- Áfram verði lögð áhersla á að ásýnd bújarða og mannvirkja styðji við jákvæða ímynd íslensks landbúnaðar.
- Áfram verði stuðlað að eðlilegri sambúð landbúnaðar og annarrar byggðar.
- Forðast skal uppskiptingu bújarða, sérstaklega landbúnaðarlands í flokki I og II.
- Stuðlað skal að verndun umhverfis og lífríkis fallvatna, m.a. til að efla fiskgengd.

Leiðir:

- o Landbúnaðarland er flokkað með það að markmiði að vernda gott landbúnaðarland (flokk I og II) til matvælaframleiðslu.
- o Stuðla skal að umhverfissvænni landbúnaðarframleiðslu en ekki verði um ræktun erfðabreyttra matvæla eða nytjajurta að ræða.
- o Gætt skal sérstaklega að geymslu og meðhöndlun efna, svo þau valdi ekki mengun í jarðvegi eða grunnvatni t.d. olía, áburðarefni eða fráveituvatn.
- o Byggingar skulu að jafnaði reistar í tengslum við núverandi mannvirki eða vegakerfi m.a. til að nýta þau veitukerfi sem fyrir eru.
- o Forðast skal að nýjar byggingar, samfelld skógrækt, umgangsmikil iðnaðarstarfsemi eða efnistaka og nýir vegir raski samfellu í landi í flokki I og II en getur eftir atvikum verið í jaðri svæða.
- o Heimilt er að stunda minni háttar atvinnurekstur þar sem er föst búseta.
- o Hafa þarf í huga að staðsetja lyktarmengandi starfsemi s.s. eldihús alifugla, loðdýra og svína í góðri fjarlægð frá annarri byggð.
- o Leitast skal við að láta ný mannvirki falla sem best að dreifbýlisýfirbragði byggðarinnar og sem eðlilegast að umhverfinu og nærliggjandi byggð og hafa sem minnst áhrif á náttúru og landslag.
- o Til að endurheimta landgæði má nefna uppgræðslu, skógrækt og gróðurvernd á áður grónum svæðum sem og endurheimt votlendis þar sem aðstæður leyfa. Almenn er litið á uppgræðslu í smáum stíl, þ.e. skógrækt til skjóls og prýði og landgræðslu til landbóta (s.s. bændur græða landið, landbótasjóðsverkefni, fyrirhleðslur og bakkavarnir), sem landbótaverkefni sem heimil eru á landbúnaðarlandi og óbyggðum svæðum.

Landbúnaður er grunnlandnotkun í Kjósarhreppi. Á hluta landbúnaðarlands eru kvaðir, s.s. vegna vatnsverndar, svæða á náttúruminjasrá og hverfisverndar vegna náttúru- og söguminja. Samkvæmt landskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, í sátt við náttúru og landslag. „Landnotkun styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðapróun²“. Gert ráð fyrir að flokkun landbúnaðarlands sé lögð til grundvallar landnýtingu á landbúnaðarlandi en að jafnaði verði heimiluð trjárækt til skjóls eða breyttrar ásýndar s.s. við byggð eða skjólbelti til að auka afrakstur lands og til að mynda skjól við byggð og útivistarsvæði. Þá verður gert ráð fyrir landgræðslu m.a. til landbóta. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040 gerir ráð fyrir að gott landbúnaðarland verði áfram nýtt til landbúnaðar í Kjósarhreppi.

Flokkun landbúnaðarlands

Gott landbúnaðarland er auðlind sem varðveita þarf til framtíðar. Sérstaklega er horft til þess að ekki verði heimiluð landnýting sem takmarkar til lengri tíma ræktunarmöguleika á úrvals landbúnaðarlandi (flokkur I og II), nema gild rök mæli með því.

Með flokkun landbúnaðarlands er eingöngu horft til þess hvaða land er vel fallið til ræktunar korns. Önnur skilgreind náttúruvernd, s.s. verndun votlendis, dregur ekki úr hæfni lands til akuryrkju. Ekki liggur fyrir kortlagning á votlendi en hins vegar hafa náttúrlegir birkiskógar verið afmarkaðir og skilgreind hverfisvernd umhverfis þá í skipulagstillögunni. Þó land sé flokkað sem gott landbúnaðarland er ekki sjálfgefið að það verði tekið til ræktunar.

Landbúnaðarland hefur verið kortlagt í grófum dráttum með tilliti til ræktunarhæfni og er það birt í skýrslunni „Kjósarhreppur – flokkun landbúnaðarlands“ sem dagsett er 1. mars 2018 og var unnin af Steinsholti ehf³ og telst hluti forsendugagna. Þar er gerð nánari grein fyrir aðferðafræðinni og hvernig staðið var mótun þeirra flokka sem skilgreindir eru. Auk þess er gerð grein fyrir niðurstöðu flokkunarinnar á skýringarupprætti nr. 2.

Fjalllendi var ekki flokkað (óbyggt land í aðalskipulagi er um 19.000 ha) en annað land, tæplega 9.000 ha var flokkað í fjóra flokka.

² Skipulagsstofnun 2015.

³ Steinsholt ehf. 2017.

- **Flokkur I – kjörlendi fyrir akuryrkju.** Land fremur slétt, þ.e. nær alltaf undir 5° halla (8%). Í sumum tilfellum þarf að þurrka landið. Jarðvegur frjór og auðveldlega plógtækur, nær ekkert grjót. Land alltaf undir 100 m hæð yfir sjó.
- **Flokkur II – gott akuryrkjuland.** Fremur slétt, halli yfirleitt undir 10% og alltaf undir 10° (18%) halla. Jarðvegur getur verið fremur rýr og þá áburðarfrekur, sums staðar sendinn og þurrlendur. Plógtækur jarðvegur kann að vera allt niður í 25 cm þar sem hann er hvað gryninstur. Stakir hólar, grjót/nibbur kunna að raska samfellu í landi. Land alltaf undir 200 m hæð yfir sjó.
- **Flokkur III – blandað ræktunarland.** Halli frá því að vera lítill upp í nokkuð bratt, jafnvel 15° (26%) halla. Spildur misstórar þar sem hraun, grjót, halli eða annað getur raskað samfellu í landi. Jarðvegur nokkuð breytilegur, allt frá því að vera mjög frjór yfir í rýran móajarðveg og lítt gróin melasvæði. Jarðvegur getur verið grýttur. Hentar oft vel til túnræktar og í sumum tilfellum mögulegt til akuryrkju. Landið er yfirleitt gott til beitar eða skógræktar. Land alltaf undir 300 m hæð yfir sjó.
- **Flokkur IV – annað land.** Ýmsar landgerðir þar sem ekki verður um samfellda jarðrækt að ræða m.a. vegna þess að jarðvegur er grunnur, hraun/grjót í eða við yfirborð eða hæð yfir sjó og/eða halli lands er of mikill. Einnig eru þetta aurasvæði jökulvatna og sandsvæði. Land í flokki IV er oft hentugt til beitar og þá nýtt til sumarbeitar eða heilsársbeitar þegar um láglandissvæði er að ræða. Einnig er oft um að ræða svæði sem eru lítt gróin eða ógróin. Land í flokki IV er yfirleitt æskilegt til landgræðslu og skógræktar m.a. með það að markmiði að bæta landgæði til ræktunar / nýtingar.

Niðurstaða kortlagningar:

- Flokkur I – kjörlendi fyrir akuryrkju er rúmlega 1.050 ha (12%).
- Flokkur II – gott akuryrkjuland er tæplega 800 ha (9%).
- Flokkur III – blandað ræktunarland er tæplega 3.000 ha (33%).
- Flokkur IV – annað land er rúmlega 4.100 ha (46%).

Á landbúnaðarlandi í flokki I og II verður forðast að heimila landnýtingu sem takmarkar verulega ræktunarmöguleika til akuryrkju s.s. samfelld skógræktarsvæði, byggð, umfangsmikil iðnaðarsvæði eða stórar námur. Eftirfarandi kvaðir eru settar á land í flokki I og II:

- Nýjar byggingar raski að jafnaði ekki samfellu á svæðum í flokki I og II.
- Samfelld skógrækt, umfangsmikil iðnaðarstarfsemi eða efnistaka raski að jafnaði ekki samfellu á landi í flokki I og II.
- Nýir vegir raski að jafnaði ekki samfellu í landi í flokki I og II.
- Votlendi og endurheimt þess skerði ekki hæfni lands til akuryrkju, sé þörf á landi til matvælaframleiðslu síðar.

Hafa þarf í huga að kortlagning landbúnaðarlands er í mælikvarðanum 1:50.000 og því kunna að vera minni svæði inn á milli sem ættu betur heima í öðrum flokki. Komi fram áform um breytta landnotkun verður það skoðað og metið í hverju tilviki fyrir sig. Flokkun landbúnaðarlands er ekki einhlít og því þarf að gæta varúðar og jafnræðis við ráðstöfun lands, með tilliti til flokkunar landsins. Hafa ber í huga að þar sem land í flokki I og II takmarkar aðra ótengda landnýtingu, kann í sumum tilfellum að vera ástæða til að meta nánar gæði þess sem landbúnaðarlands, m.a. með tilliti til nákvæmni kortlagningar.

Byggingar á landbúnaðarlandi

Á landbúnaðarsvæðum er almennt gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist landbúnaði. Nýjar byggingar verða að jafnaði ekki reistar á verndarsvæðum eða landbúnaðarlandi í flokki I eða II, nema í góðum tengslum við þá byggð og veitukerfi sem fyrir eru. Almennt skal leitast við að staðsetja ný hús í námunda við þá byggð sem fyrir er til að nýta sem best tengingar við þjóðvegi og önnur dreifikerfi sem eru fyrir hendi. Það styrkir byggð að fjölga notendum þeirra veitukerfa sem nú þegar eru fyrir hendi og halda þarf í rekstri í dreifðum byggðum, bætt nýting núverandi kerfa styður við umhverfissjónarmið og hagkvæma þróun byggðar.

Útihús og aðrar byggingar tengdar landbúnaði skulu að jafnaði reist í tengslum við önnur hús á jörðinni, þó þannig að mengun, s.s. lykt, hafi sem minnst áhrif. Um eldihús alifugla, loðdýra og svína gildir reglugerð nr. 520/2015 þar sem gerð er grein fyrir lágmarksfjarlægð eldihúsa frá byggð. Staðsetningu eldihúsa verður þó að skoða í hverju tilfelli fyrir sig og meta t.d. út frá ríkjandi vindátt og fjölda dýra. Öll alifugla-, loðdýra- og svínarækt sem er það umfangsmikil að hún sé háð mati á umhverfisáhrifum skal vera á iðnaðarsvæði.

Heimiluð er uppbygging á landspildum sem eru að lágmarki 0,5 ha, m.a. til áhugabúskapar sjá nánar kafla 2.3.9. Slíkar spildur eru að jafnaði utan góðs landbúnaðarlands (í flokki I og II) og utan svæða sem eru verðmæt vegna náttúrufars, náttúruauðlinda, sögu eða almenns útivistargildis. Þá verður bygging nýrra íbúðarhúsa að jafnaði ekki heimiluð á hættusvæðum. Skal staðsetning og uppbygging taka mið af þeim veitu- og samgöngukerfum sem fyrir eru.

Önnur atvinnustarfsemi á landbúnaðarlandi

Heimilt er að starfrækja rekstur á landbúnaðarsvæðum sem ekki tengist beint landbúnaðarframleiðslu. Markmiðið er að gefa kost á bættri nýtingu húsakosts og styrkja byggð í dreifbýli, skjóta styrkari stoðum undir búrekstur og tryggja eftir því sem hægt er að jarðir haldist í landbúnaðarnotum.

Heimilt er, á landi í ábúð og þar sem aðstæður leyfa, að hafa sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi, s.s. smiðju, verkstæði, gistiheimili, verslun, smáhýsi og/eða byggingar fyrir veitingarekstur, svo fremi sem heildarstærð slíkra bygginga fari ekki yfir 500 m². Byggingar verða almennt utan landbúnaðarlands í flokki I og II. Umfangsmeiri rekstur verður einungis heimilaður á svæðum sem eru skilgreind sérstaklega fyrir atvinnustarfsemi í aðalskipulagi, s.s. afþreyingar- og ferðamannasvæði, verslunar- og þjónustusvæði, athafnasvæði eða iðnaðarsvæði. Heimilt er að reisa stök mannvirki á landbúnaðarsvæðum, eins og nánar er lýst í kafla 2.3.9.

Um land bújarða á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004 og eftir atvikum ákvæði annarra laga.

Landskipti

Við landskipti skal taka tillit til verndarsvæða og góðs landbúnaðarlands í flokki I og II. Byggingar á nýjum lóðum/spildum skulu nýta sem best þau veitu- og samgöngukerfi sem fyrir eru. Ekki verða heimiluð landskipti nema tryggt aðgengi sé að nýjum spildum frá þjóðvegi. Gera þarf grein fyrir áætlaðri nýtingu lands þegar óskað er landskipta. Markmiðið með takmörkun á landskiptum er að leitast við að tryggja að landbúnaðarland í flokki I og II verði áfram nýtt til landbúnaðar og matvælaframleiðslu, halda í dreifbýlisfyrirbragð og sporna við myndun samfelldrar byggðar.

Niðurstaða umhverfismats áætlana um flokkun landbúnaðarlands

Stefna um flokkun landbúnaðarlands hefur á heildina litið jákvæð áhrif á samfélagið. Með framfylgd stefnunnar er stuðlað að því að landbúnaður geti blómstrað í sveitarfélaginu á komandi árum. Þrátt fyrir að settar séu skorður varðandi landnotkun á þeim jörðum sem hafa land í flokkum I og II á það ekki að hafa hamlandi áhrif fyrir t.a.m. uppbyggingu atvinnulífs þar sem víðast hvar er nægilegt landrými í flokkum III og IV á jörðum og á þeim svæðum eru rýmri heimildir til framkvæmda. Skoða má hvort votlendi/mýrlendi verði verndað sérstaklega þegar fyrir liggur skilgreining á því, en skv. lögum um náttúruvernd (nr. 60/2013) njóta ákveðin vistkerfi s.s. votlendi yfir 2 ha sérstakrar verndar.

Niðurstaða sveitarstjórnar Kjósarhrepps er að áhrif af verndun góðs landbúnaðarlands í flokki I og II séu jákvæð til lengri tíma litið. Það er í samræmi við stefnu stjórnvalda og landslög að standa vörð um gott ræktunarland svo nýta megi það til matvælaframleiðslu en gæta þarf að vernd vistkerfa s.s. votlendis þegar land er brotið til ræktunar.

Niðurstaða umhverfismats áætlana um byggingar á landbúnaðarlandi

Í heild hefur stefna um byggingarheimildir á landbúnaðarlandi jákvæð eða óveruleg áhrif á umhverfisþætti. Stefna sveitarstjórnar er að mannvirki skuli reist sem næst núverandi mannvirkjum en það er hagkvæmara fyrir rekstur veitna og vega. Þá er einnig stefnt að eflingu byggðar og atvinnulífs og rýmri heimildum til uppbyggingar er ætlað að stuðla að því og einfalda íbúum að byggja upp atvinnurekstur.

Horfið er frá því að takmarka fjölda íbúðarhúsa á hverri jörð enda er það talið geta staðið í vegi fyrir íbúafjölgun í sveitarfélaginu.

2.3.2 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Í grein 6.2. í Skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru skógræktar- og landgræðslusvæði skilgreind sem „svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu“.

Stefna:

- Náttúru- eða söguminjum verði ekki spillt með landgræðslu, þ.m.t. skógrækt.
- Á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika s.s. vegna náttúrufars, auðlinda, útivistargildis, fornleifa eða söguminja verði uppgræðsla og skógrækt takmörkuð eða óheimil.
- Ekki verður um samfellda skógrækt að ræða á landbúnaðarlandi í flokki I og II.

Leiðir:

- o Ekki verður plantað í náttúrulega birkiskóga/birkikjarr.
- o Unnið verður að endurheimt gróðurs og annarra landgæða þar sem þess er talin þörf.
- o Skógrækt verði eflað til útivistar, skjóls og landbóta á skilgreindum skógræktarsvæðum.
- o Hugað skal að því að skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásynd fjalla og fossa eða valdi snjósofnun á vegum.
- o Gert er ráð fyrir að skógrækt og skjólbeltarækt geti m.a. skapað skógarauðlind og eflt atvinnuuppbyggingu.
- o Sé þess þörf verði unnið að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða, m.a. með landgræðslu og skógrækt.
- o Afmarka skal ný svæði til skógræktar og landgræðslu þar sem samfelld svæði fer yfir 10 ha og/eða svæði er afmarkað og unnið skv. samningum til a.m.k. fimm ára.
- o Uppgræðsla, þ.m.t. skógrækt, í smáum stíl er heimil á landbúnaðarlandi, óbyggðum svæðum og frístunda- og íbúðasvæðum s.s. skógrækt til skjóls og þrýði og landgræðsla til landbóta t.d. bændur græða landið, landbótasjóðsverkefni, fyrirhleðslur og bakkavarnir.

Skógrækt og landgræðsla er viðurkennd aðferð við bindingu kolefnis. Auk þess veitir skógrækt skjól gegn gróður- og jarðvegseyðingu. Þá veitir skógur eða skjólbelti skjól á ökrum, beitilöndum og í byggð. Mikilvægt er að skógrækt falli vel að landslagi og að ekki verði plantað skógi fyrir góða útsýnisstaði.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015, skal tilkynna til Skipulagsstofnunar um skógræktaráætlanir sem taka yfir 199 ha lands eða meira, eða skógrækt á verndarsvæðum og Skipulagsstofnun ákvarðar matsskyldu framkvæmdanna. Ávallt skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar varðandi skógrækt á verndarsvæðum. Þá skal tilkynna um alla aðra skógrækt til sveitarstjórnar sem ákvarðar um matsskyldu framkvæmdar sbr. 14 gr. reglugerðar nr. 660/2015. Þá ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar um allar uppgræðsluáðgerðir á verndarsvæðum, sbr. sömu reglugerð. Bæði tilkynningaskyldar og matsskyldar framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 geta eftirtaldar framkvæmdir verið háðar framkvæmdaleyfi; nýræktun skóga hvort sem um er að ræða nytjaskóg eða útivistarskóg, skógareyðing og uppgræðsla lands á verndarsvæðum. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en hafin er skógrækt á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

Öll minni háttar uppgræðsla og skógrækt s.s. vegna gæðastýringar landbótaverkefna (Bændur græða landið), skjóls, skjólbeltarækt eða yndisskógræktar þarf ekki að vera á skilgreindum skógræktar- og landgræðslusvæðum, enda sé ekki um það umfangsmikla samfellda ræktun að ræða að hún falli undir framangreind ákvæði. Þar sem gert verður ráð fyrir að fara í samfellda skógrækt eða landgræðslu á stærri svæðum og afmörkun þeirra er skýr og/eða skilgreind í samningum, þar verða skilgreind skógræktar- og landgræðslusvæði, jafnvel þó ekki sé unnið samfelld á öllu svæðinu. Landgræðsla og skógrækt skulu m.a.

taka mið af alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að ásamt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 og aðgerðaáætlun í loftslagsmálum (Umhverfissráðuneytið 2010).

Um skógræktar- og landgræðslusvæði gildir að öðru leyti eftirfarandi:

- Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna verndarsvæða (kaflí 2.7).
- Skógrækt og landgræðsla skulu ekki fara nær friðlýstum menningarminjum en 100 m og ekki nær öðrum merkjum minjum en 20 m.
- Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Nytjaskógrækt og skjólbeltarækt verði að jafnaði ekki nær ár- og vatnsbökkum en 30 m og að jafnaði ekki nær vegum en 50 m. Skógrækt skal ekki vera innan helgunarsvæða raflína.
- Þess skal gætt að skógrækt trufli ekki umferð á vegum m.t.t. snjósöfnunar og byrgi ekki fyrir útsýni.



Mynd 4. Trjágróður er víða mikill á frístundasvæðum.

Á frístundasvæðum og á bæjartorfum er víða skógrækt sem ekki er afmörkuð sérstaklega á uppdrætti þar sem ekki er um ríkjandi landnotkun að ræða.

Í töflu hér að neðan er yfirlit yfir skógræktarsvæði í Kjósarhreppi. Núverandi og áætluð skógræktarsvæði, 10 ha og stærri auk samningsbundinna svæða, eru sýnd á skipulagsuppdrætti og á skýringaruppdrætti nr. 1, og eru upplýsingar um þau eru fengnar frá Skógræktinni.

Skógræktarsvæði		
Nr.	Heiti/jörð	Lýsing
SL1	Bær	Skógrækt með ræktunarsamning við Skógræktina. Stærð svæðis er um 69 ha.
SL2	Möðruvellir	Skógrækt með ræktunarsamning við Skógræktina. Stærð svæðis er um 34 ha.
SL3	Vindás	Skógrækt, stærð svæðis er um 4,5 ha.
SL4	Fossá	Skógrækt á vegum Skógræktarfélags Kjósarhrepps, Skógræktarfélags Kjalarness, Skógræktarfélags Mosfellsbæjar og Skógræktarfélags Kópavogs. Svæðið er opinn skógur. Stærð svæðis er um 142 ha.
SL5	Ingunnarstaðir og Þrándarstaðir	Skógrækt á vegum Landgræðslusjóðs og Skógræktarfélags Íslands. Svæðið er opinn skógur. Stærð svæðis er um 28 ha.
SL6	Reynivellir	Skógræktarreitur. Stærð svæðis er allt að 5 ha.
SL7	Reynivellir	Skógræktarsvæði. Stærð svæðis er allt að 22 ha.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Stefna um skógrækt er talin hafa óveruleg eða neikvæð áhrif á náttúru og á sýnd svæða og því er mikilvægt að hugað sé vel að staðsetningu svæðanna. Skógrækt er almennt varanleg framkvæmd og erfitt getur reynst að ryðja skóg auk þess sem hann hefur tilhneygingu til að þenjast út með sjálfssáningu. Stefnan er talin hafa fremur jákvæð áhrif fyrir byggð í sveitarfélaginu þar sem flokkun landbúnaðarlands

verður lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum varðandi skógrækt. Stefna sveitarstjórnar er að skógrækt verði eflað til útivistar, skjóls og landbóta en jafnframt að hugað verði vel að staðsetningu skógræktarsvæða og að þau spili ekki útsýni, náttúru- eða söguminjum.

2.3.3 Verslun og þjónusta (VP)

Í grein 6.2. í Skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er svæði fyrir verslun- og þjónustu skilgreint sem „svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum“.

Stefna:

- **Stuðlað verði að nýjum atvinnutækifærum og að efla þau tækifæri sem fyrir eru.**
- **Þjónusta verði eflað og afþreyingarmöguleikum fjölgað til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggð.**
- **Við skipulag þjónustusvæða verði hugað sérstaklega að öryggi fólks ásamt greiðum samgöngum og upplýsingagjöf.**

Leiðir:

- o Á ferðamannastöðum verði hugað að öryggi, m.a. gagnvart vegtengingum við fjölfarna vegi.
- o Í deiliskipulagi verði skilgreint umfang og eðli verslunar- og þjónustusvæða.
- o Byggingar geta verið á einni til tveimur hæðum.

Í Kjósarhreppi er lítið um að ferðaþjónusta sé stunduð á bújörðum samhliða nýtingu jarðanna til búskapar. Í niðurstöðum greiningar um atvinnumál í Kjós sem gerð var árið 2010 kemur fram að gisting á ferðaþjónustubæjum var fyrir allt að 20 gesti. Í Vindáshlíð og í veiðihúsinu við Laxá var samtals gisting fyrir allt að 140 gesti. Því var gisting fyrir um 160 gesti í sveitarfélaginu öllu⁴. Það



Mynd 5. Félagsgarður.

samsvarar um 80 herbergjum. Áform um uppbyggingu verslunar- og þjónustusvæða, sem sett er fram í aðalskipulaginu, leiða til fjölgunar á gistirýmum sem samsvarar gistingu fyrir um 170 gesti. Gangi stefna skipulagsins eftir verður því gistiaðstaða fyrir allt að 330 gesti í sveitarfélaginu, að Vindáshlíð meðtaldri.

Huga mætti að því að tengja betur uppbyggingu ferðaþjónustu og framleiðslu og sölu afurða á svæðinu.

Núverandi og ný verslunar- og þjónustusvæði skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í kafla 2.1, eftir því sem við á. Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taki mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

Verslunar- og þjónustusvæði eru talin upp í eftirfarandi töflu:

Verslun- og þjónusta		
Nr.	Heiti	Lýsing
VP1	Kaffi Kjós	Verslun, veitingastaður. Stærð svæðis er allt að 1 ha.
VP2	Veiðihús við Laxá	Gisting fyrir allt að 40 manns og samkomusalur. Stærð svæðis er um 1 ha.
VP3	Hvammsvík	Gert er ráð fyrir byggingu hótels, með gistingu fyrir allt að 50 gesti ásamt veitingastað, ylströnd, aðstöðu til sjósunds og gerð bátaskýlis. Einnig þjónustu við golfvöll í Hvammsvík. Stærð svæðis er allt að 5 ha.

⁴ (Netspor ehf., 2010).

VP4	Félagsgarður	Félagsheimili og íþróttavöllur. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu, m.a. veitingasölu og þjónustubyggingum í tengslum við núverandi rekstur eða mögulegt tjaldsvæði. Stærð svæðis er um 5 ha.
VP5	Eilífsdalur	Gert er ráð fyrir byggingu gistiheimilis með gistingu fyrir allt að 20 gesti ásamt veitinga-þjónustu. Stærð svæðis er allt að 2 ha.
VP6	Þúfa	Gert er ráð fyrir byggingu hótels með gistingu fyrir allt að 50 gesti ásamt veitingaþjónustu. Stærð svæðis er allt að 5 ha.
VP7	Hjalli	Á svæðinu er tjaldsvæði. Gert er ráð fyrir gistingu í húsum fyrir allt að 50 gesti ásamt veitingaþjónustu og verslun. Stærð svæðis er allt að 5 ha.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Stefna um verslun og þjónustu er talin hafa óveruleg eða neikvæð áhrif á náttúru, landslag og ásýnd og heilsu, vellíðan og öryggi en jákvæð áhrif fyrir samfélagið. Bæði íbúar og gestir njóta góðs af uppbyggingu tengdri verslun- og þjónustu, atvinnulíf eflist og líklegt er að byggðin styrkist í kjölfarið. Stefna sveitarstjórnar er að stuðla að fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifærum í sveitarfélaginu og efla þau atvinnutækifæri sem fyrir eru. Fjölgun gistiplássna bætir þjónustu við þá ferðamenn sem fara um svæðið en nýtist einnig íbúum. Auk þess getur stefnan leitt til meiri eftirspurnar eftir ýmis konar annarri þjónustu og afþreyingu á svæðinu.

2.3.4 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Í grein 6.2. í Skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er afþreyingar- og ferðamannasvæði skilgreint sem „svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjalla-skálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar“.

Stefna:

- **Settar verði almennar reglur um aðgengi ferðamanna og uppbyggingu á ferðamannastöðum.**
- **Við skipulag ferðamannastaða verði hugað sérstaklega að öryggismálum ásamt greiðum samgöngum og upplýsingagjöf.**

Leiðir:

- o Bæta þarf upplýsingar um gömul hús, fornleifar og önnur minjasvæði.
- o Þryllumferð og annað yfirflug s.s. „drónar“, trufla sem minnst. Settar verði verklagsreglur ef þurfa þykir.
- o Að vandað verði til uppbyggingar ferðamannasvæða m.a. með samræmi í útliti bygginga og áherslu á að mannvirki falli vel að landslagi.
- o Á hverju svæði er heimilt að gera bílastæði, göngustíga og byggja þjónustuhús, allt að 50 m² ásamt upplýsingaskiltum um svæðið að undangengnu deiliskipulagi.
- o Hugað verði að vönduðum frágangi bílastæða, göngustíga, upplýsingum, merkingum og eftir atvikum snyrtingum og öðrum þjónustubyggingum.
- o Fjöldi ferðamanna verði undir þolmörkum viðkomandi svæðis og umferð ferðamanna verði stýrt ef þörf krefur.
- o Við skipulag ferðamannastaða verði hugað að öryggi, m.a. gagnvart vegtengingum við fjölfarna vegi.

Áningarstaðir ferðamanna eru skilgreindir sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Í landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að ferðaþjónusta verði eflað en um leið verði varðveitt þau gæði sem eru undirstaða hennar. Gert er ráð fyrir svigrúmi á öllum afþreyingar- og ferðamannasvæðum til að viðhalda núverandi mannvirkjum eða reisa ný í stað þeirra sem nú eru.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í kafla 2.1, eftir því sem við á. Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengi taka mið af umhverfinu. Útlit og ásjón bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

Samhliða skipulagningu áningarstaða þarf að huga að náttúru- og minjavernd, sjálfbærni staða, þjónustu, og að viðhaldi mannvirkja sé sinnt eftir þörfum.



Mynd 6. Þórufoss í Laxá.



Mynd 7. Áningarstaður við Þórufoss.

Fjallað er um þjónustu og hugsanlega uppbyggingu á hverjum stað í eftirfarandi töflu:

Afþreyingar- og ferðamannasvæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
AF1	Laxá	Við brú yfir Laxá er aðstaða til áningar norðan ár með bílastæði og upplýsingaskiltum.
AF2	Steðji	Svæðið er friðlýst, gert er ráð fyrir bílastæði, upplýsingaskilti og göngustíg. Stærð svæðis er um 2 ha.
AF3	Fossá	Á svæðinu er foss í Fossá rétt við Hvalfjarðarveg. Svæðið er hluti af verkefninu opinn skógur. Stærð svæðis er um 1 ha. Opinn skógur fyrir almenning.
AF4	Hvítanes	Á svæðinu eru áhugaverðar herminjar. Á svæðinu er bílastæði og áningarstaður/útsýnisstaður. Stærð svæðis er um 2 ha.
AF5	Þórufoss	Sérstakur foss í Laxá í Kjós í landi Fremra Háls. Á svæðinu er bílastæði. Gert er ráð fyrir uppbyggingu á svæðinu m.a. lagfæringu bílastæðis og lagningu göngustíga. Stærð svæðis er allt að 1 ha.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Stefna um afþreyingar- og ferðamannasvæði er á heildina litið talin hafa fremur jákvæð áhrif á umhverfispætti. Sveitarstjórn leggur áherslu á að hugað verði að öryggismálum á ferðamannastöðum og vandað verði til uppbyggingar á svæðunum. Bætt aðstaða á áningarstöðum stuðlar að vernd náttúrunnar en skortur er á aðstöðu við helstu áningarstaði, s.s. hreinlætisaðstöðu. Fjölgun ferðamanna getur haft neikvæðar afleiðingar í för með sér. Því vill sveitarstjórn sporna gegn og stuðla að því að á

áningarstöðum verði komið upp góðum bílastæðum, göngustígum og þjónustuhúsi sem nýtist jafnt ferðamönnum og íbúum. Þá er einnig þörf á að bæta öryggi og merkingar á áningarstöðum.

2.3.5 Samfélagsþjónusta (S)

Í grein 6.2. í Skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er svæði fyrir samfélagsþjónustu skilgreint sem „svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem mennta- stofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila“.

Stefna:

- **Stuðlað verði að betri þjónustu við íbúa í dreifbýli.**
- **Unnið verði að eflingu á sviði öldrunarmála.**

Leiðir:

- o Renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu með bættu aðgengi að heilbrigðisþjónustu í samstarfi við nágrennasveitarfélög.
- o Bæta þjónustu við eldri borgara í samstarfi við nágrennasveitarfélög.

Á Reynivöllum er kirkja og kirkjugarður. Einnig er kirkja í Vindáshlíð í tengslum við þá starfsemi sem þar fer fram. Kirkjugarður er við Reynivallakirkju.

Miðað við aldurssamsetningu íbúa í Kjósarhreppi þá mun fjölga í hópi aldraðra meðan heldur fækkar í yngstu árgöngunum. Því þarf að gera ráð fyrir að þjónusta við eldri borgara verði meiri eftir því sem líður á skipulagstím-ann.

Margar þjónustustofnanir í dreifbýli eru háðar sérstökum skilyrðum í lögum eða samningum, s.s. sóknarkirkjur, félagsheimili og skólar. Notkun á landi sem tilheyrir hlutaðeigandi stofnun-um er háð samþykktu deiliskipulagi.



Mynd 8. Hallgrímskirkja í Vindáshlíð. Kirkjan er friðuð.

Svæði fyrir samfélagsþjónustu skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í kafla 2.1, eftir því sem við á. Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

Svæði fyrir samfélagsþjónustu eru eftirfarandi:

Samfélagsþjónusta		
Nr.	Heiti	Lýsing
S1	Ásgarður	Í húsinu er skrifstofa sveitarfélagsins og bókasafn. Stærð svæðis er um 2 ha.
S2	Reynivallakirkja	Kirkjan er timburkirkja og var reist árið 1859. Forkirkja var byggð árið 1951. Kirkjan var friðuð árið 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989. Stærð svæðis er um 2 ha.
S3	Vindáshlíð / Hallgrímskirkja	Á svæðinu eru starfræktar sumarbúðir á vegum KFUK. Þar er einnig Hallgrímskirkja, byggð í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd 1878 en flutt í Vindáshlíð 1957. Kirkjan var friðuð árið 1990. Stærð svæðis er um 5 ha.

2.3.6 Íþróttasvæði (ÍÞ)

Í grein 6.2. í Skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er svæði fyrir íþróttaaðstöðu skilgreint sem *”svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar”*.

Stefna:

- Leitast verði við að byggja upp fjölbreytta íþróttaaðstöðu í sveitarfélaginu.

Leiðir:

- Stuðlað verði að viðhaldi og góðri nýtingu á núverandi íþróttamannvirkjum.
- Íþróttamannvirkjum verði fjölgað ef þörf krefur.

Eitt íþróttasvæði er í Kjósarhreppi:

Íþróttasvæði			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
ÍÞ1	Hvammsvík	Á svæðinu er golfvöllur og er gert ráð fyrir stækkun hans í 18 holur. Stærð svæðis er um 68 ha.	Hvammsvík

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Stefna um íþróttasvæði er talin hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif á umhverfispætti. Stefna sveitarstjórnar er að byggð verði upp fjölbreytt íþróttaaðstaða í sveitarfélaginu og íþróttamannvirkjum verði fjölgað ef þörf krefur. Stefnan styður við stefnu sveitarstjórnar en bætt íþróttaaðstaða mun nýtast jafnt íbúum og gestum.

2.3.7 Athafnasvæði (A)

Í grein 6.2. í Skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er athafnasvæði skilgreint sem svæði þar sem *„þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður“*.

Stefna:

- Sveitarfélagið hvetji til nýsköpunar og laði til sín sprotafyrirtæki.

Leiðir:

- Að sköpuð verði ákjósanleg skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi, s.s. í tengslum við nýtingu jarðhita, framleiðslu iðnað og matvælaíðnað.
- Efla núverandi atvinnustarfsemi, hvetja til nýsköpunar og styðja við sprotafyrirtæki.
- Lögð er áhersla á snyrtilega umgengni og vandaðan frágang lóða.

Gert er ráð fyrir að á athafnasvæðum geti byggst upp léttur iðnaður sem hefur litla mengunarhættu í för með sér. Athafnasvæði skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í kafla 2.1, eftir því sem við á. Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

Athafnasvæði eru eftirfarandi:

Athafnasvæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
A1	Eyri	Samkvæmt deiliskipulagi er heimilt að byggja tvö hús, hvort um sig allt að 500 m ² . Stærð svæðis er allt að 2 ha.

2.3.8 Iðnaðarsvæði (I)

Í grein 6.2. í Skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er iðnaðarsvæði skilgreint sem svæði fyrir „umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunar-svæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni“.

Stefna:

- Unnin verður stefnumótun varðandi minni virkjanir, vindrafstöðvar og vatnsaflsvirkjanir.
- Unnið verði að frekari umbótum í sorphirðumálum.

Leiðir:

- o Sveitarfélagið finni hagkvæmustu lausn á sorpmálum á hverjum tíma.
- o Íbúum verði gert auðveldara fyrir með flokkun sorps og lögð verði áhersla á jarðgerð lífræns úrgangs á svæðinu og fræðslu til íbúa um hvernig hægt sé að lágmarka myndun úrgangs.
- o Skapaðar verði aðstæður til vistvænnar orkuöflunar þar sem aðstæður leyfa. Unnið verður með hlutaðeigandi stofnunum, s.s. á sviði heilbrigðiseftirlits, þegar fjallað er um mengandi starfsemi, m.a. vegna fráveitu, hljóð- eða lyktarmengunar.

Unnin hefur verið svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs og tekur stefna um sorpförgun mið af henni. Stefnt er að því að flokka og endurvinna sorp eins og kostur er og leitast við að minnka flutningskostnað og magn þess sorps sem þarf að urða, í anda staðardagskrár 21. Íbúar flokka sorp sem er hirt reglulega frá hverju heimili. Á Hurðarbaksholti fer fram móttaka flokkaðs sorps í sveitarfélaginu.

Vatnsaflsvirkjanir allt að 200 kW, minni vindrafstöðvar, spennistöðvar og dælumannvirki upp að ákveðinni stærð, eru heimilaðar á landbúnaðarlandi og óbyggðum svæðum sbr. ákvæði í kafla 2.3.9.



Mynd 9. Borhola í landi Möðruvalla.

Iðnaðarsvæði skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í kafla 2.1, eftir því sem við á. Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

Iðnaðarsvæði eru talin upp í eftirfarandi töflu:

Iðnaðarsvæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
I1	Hurðarbaksholt	Móttaka fyrir flokkað sorp. Stærð svæðis er allt að 1 ha.
I2	Möðruvellir	Svæðið nær yfir hljóð- og hitaeinangrandi hús og borholur. Stærð svæðis er um 14 ha.

2.3.9 Stakar framkvæmdir

Í Skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, grein 4.3.1. er fjallað um „Hvernig farið skuli með stakar skipulags-skyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið. Hér er átt við smávirkanir, litlar spennistöðvar, minni háttar mannvirki, stök fjarskiptamöstur, stakar vindmyllur o.þ.h. Þetta getur einnig átt við um stök frístundahús, stök íbúðarhús og aðra mannvirkjagerð á landbúnaðarsvæðum án tengsla við búrekstur. Stefna um hvar eða við hvaða aðstæður framangreind mannvirkjagerð er heimil eða óheimil og aðrar skipulagsforsendur fyrir gerð deiliskipulags eða veitingu leyfa til framkvæmda“.

Stakar framkvæmdir eru heimilar án þess að afmarka sérstaklega landnotkun í aðalskipulagi, eins og nánar er lýst hér á eftir. Þetta gildir t.d. fyrir stök íbúðar- og frístundahús, fjarskiptamöstur og litlar virkjanir og vindrafstöðvar. Þá verður heimilt að útbúa áningarstaði, t.d. í tengslum við göngu- og reiðleiði eða útsýnisstaði.

Heimilt er, að undangengnu deiliskipulagi og/eða grenndarkynningu að byggja stök mannvirki án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Þá skal einnig sækja um framkvæmdaleyfi þar sem það á við. Í hverju tilfelli verði lagt mat á líkleg áhrif á landslag, verndarsvæði, náttúru, minjar o.fl. Þá þarf að skoða sýnileika slíkra mannvirkja og meta mögulega hljóð- og lyktarmengun. Stök mannvirki skulu að jafnaði ekki reist innan landbúnaðarlands í flokki I og II en geta eftir atvikum verið í jaðri svæða eða í tengslum við núverandi mannvirki. Þá skal leitast við að staðsetja stök mannvirki á óbyggðum svæðum þar sem þau skerða ekki víðerni. Í öllum tilfellum skal afla tilskilinna leyfa, s.s. framkvæmda- eða byggingarleyfis frá sveitarstjórn og umsagnar. Mannvirki skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragði byggðar (kaflí 2.1) eftir því sem við á.

Eftirtaldar framkvæmdir eru heimilar á landbúnaðarlandi og eftir atvikum skógræktar- og landgræðslusvæðum, án þess að afmarka sérstaka landnotkun:

- **Íbúðarhús** til fastrar búsetu. Þar sem aðstæður leyfa er heimilt að byggja íbúðarhús og tengd hús s.s. geymslu/útihús, á 0,5-10 ha landspildum, enda hamli uppbygging ekki eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spilli samfellu í góðu landbúnaðarlandi. Ný hús skulu reist í nágrenni núverandi byggðar eða núverandi vega- eða veitukerfa til að nýta sem best þau þjónustukerfi sem fyrir eru. Nýtingarhlutfall lóða getur verið allt að 0,05 en þó skal byggingarmagn ekki vera meira en 650 m².
- **Stök frístundahús** á um 0,3-1,0 ha lóðum enda sé ekki skilgreind frístundabyggð á jörðinni. Ný hús skulu reist í nágrenni núverandi byggðar og/eða veitukerfa til að nýta sem best núverandi þjónustukerfi. Stök hús skulu ekki hamla eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spilla samfellu í góðu landbúnaðarlandi í flokki I og II. Nýtingarhlutfall frístundalóða er að jafnaði ekki hærra en 0,03, byggingarmagn skal þó aldrei vera meira en 150 m².

Eftirtaldar framkvæmdir eru heimilar á landbúnaðarlandi, skógræktar- og landgræðslusvæðum og eftir atvikum á á öðrum svæðum án þess að afmarka sérstaka landnotkun:

- Fjarskiptamöstur allt að 20 m há ásamt nauðsynlegu aðstöðuhúsi, allt að 20 m², lögnum og vegum að þeim. Skoðað verður í hverju tilfelli fyrir sig hvort fjarskiptamöstur verði heimiluð og verður þá m.a. tekið tillit til hljóðvistar og fjarlægðar frá landamerkjum, öðrum mannvirkjum, sýnileika og áhrifa á náttúru og landslag.
- Vatnsaflsvirkjanir allt að 200 kW, ásamt lögnum og vegum að virkjuninni, einnig allt að 15 m² aðstöðuhúsi.
- Vindrafstöðvar þar sem raforkan er ætluð til eigin nota. Vindrafstöðvar geta verið allt að 20 m háar miðað við hæð vélarhúss á turni. Einnig er gert ráð fyrir lögnum og vegum að þeim ásamt allt að 15 m² aðstöðuhúsi. Gert er ráð fyrir að skoðað verði í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar vindrafstöðvar verða heimilaðar. Meðal annars verður tekið tillit til hljóðvistar og fjarlægðar frá landamerkjum, öðrum mannvirkjum, sýnileika og áhrifa á náttúru og landslag. Vindrafstöðvar verða þó aldrei heimilaðar á eða við íbúðar- eða frístundasvæði.

- Sólarsellur til eigin nota. Geta verið nýttar við ákveðnar aðstæður t.d. á þökum húsa, þó aldrei stærri flötur en 100 m².
- Örvirkjanir. Heimilt er að reisa allt að 100 kW örvirkjanir í tengslum við þjónustustarfsemi sem liggur fjarri almennum veituleiðum, s.s. til að sjá farsímasendum fyrir umhverfisvænni raforku.
- Hitaveita. Heimilt er að virkja heitt vatn (borholur), til einkanota.
- Neysluvatn. Heimilt er að nýta, m.a. með borun, kalt vatn, þar sem ekki er um eftirlitsskylda starfsemi að ræða, sbr. 12. gr. reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001.
- Veitumannvirki s.s. spennistöðvar og dælustöðvar fyrir vatns- og hitaveitu. Stærð bygginga getur verið allt að 20 m².
- Þjónustuhús og kynningaraðstaða. Heimilt er að gera áningarstaði við megin ferðaleiðir s.s. göngu- og reiðleiðir og á áhugaverðum útsýnisstöðum. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upp lýsingaskilti og byggja allt að 20 m² þjónustuhús sem getur t.d. verið snyrtiaðstaða og/eða aðstaða fyrir eftirlitsaðila. Heimilt er að vera með áningarhólf fyrir hesta á hentugum stöðum í tengslum við reiðleiðir. Undir þetta falla einnig neyðarskýli, sé þeirra er þörf.

Tímabundin aðstaða.

- Heimilt er að reisa vinnubúðir/vinnuþlön í tengslum við framkvæmdir s.s. brúa- og vegagerð, efnisvinnslu eða aðra uppbyggingu, enda liggja fyrir samþykkt byggingar- og/eða framkvæmdaleyfi eða deiliskipulag, þar sem þess er þörf.
- Heimilt er í einhverjum tilfellum að setja niður hús / mælitæki o.fl. sem til þarf vegna tímabundins eftirlits eða rannsóknastarfsemi.

Fyrir umfangsmeiri starfsemi skal skilgreina viðeigandi landnotkun í aðalskipulagi.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Stefna um stakar framkvæmdir er talin hafa margvísleg áhrif á umhverfispætti. Með stefnunni vill sveitarstjórn liðka fyrir minniháttar framkvæmdum með því að heimila þær án þess að þær þurfi að fara í skipulagsferli. Stefna sveitarstjórnar er að efla byggð og atvinnulíf og stefnan styður við það með því að heimila uppbyggingu sem er m.a. til þess fallin að stuðla að bættum lífsgæðum og öryggi íbúa og/eða gesta. Þó er settur sá fyrirvari að afla skuli tilskilinna leyfa frá sveitarfélaginu og meta líkleg áhrif framkvæmda.

2.3.10 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Í grein 6.2. í Skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru efnistöku- og efnislosunarsvæði skilgreind sem „svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda“.

Stefna:

- **Stuðla skal að nægu framboði efnistökusvæða og æskilegt að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.**
- **Efnistaka fer að jafnaði ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi.**
- **Efnistökusvæði hafi framkvæmdaleyfi.**

Leiðir:

- o Þar sem efni er unnið úr árfarvegum skal vinna það í samráði við viðkomandi veiðifélög og þar til bæra eftirlitsaðila, s.s. Fiskistofu og Heilbrigðiseftirlit.
- o Leggja skal fram ítarlega verkáætlun eða deiliskipulag vegna efnistöku á verndarsvæðum.
- o Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.

o Huga skal sérstaklega að sjálfbærni efnistöku úr ám.

Engin efnislosunarsvæði eru í sveitarfélaginu. Áfram er gert ráð fyrir efnistöku á flestum þeim svæðum sem þegar eru nýtt. Gert er ráð fyrir riflegum svæðum fyrir efnistöku til þess að hægt sé að nýta þá tegund efnis sem best hentar hverju sinni og til að draga úr því að aka þurfi langar leiðir með efni.

Gerð er krafa um góða umgengni, skipulögð vinnubrögð og snyrtilegan frágang að lokinni vinnslu. Takmarka ber sýnileika frá fjölförnum stöðum eins og kostur er, sérstaklega ef svæðið verður opið í einhvern tíma. Við efnistöku úr árfarvegum skal þess gætt að hafa sem minnst áhrif á lífríki ána og valda ekki landbroti. Við frágang efnistöku- og efnislosunarsvæða verði leitast við að raskað svæði verði sem líkast aðliggjandi landi varðandi landslag og gróður. Bent er á heimasíðu; www.namur.is varðandi frágang á námusvæðum.

Einungis þrjár námur (E7, E8b, E15) hafa framkvæmdaleyfi. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar vegna efnistöku. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 er efnistaka á landi, úr ám og vötnum ásamt breytingu lands með jarðvegi, s.s. efnislosun, háð framkvæmdaleyfi. Þegar sótt er um framkvæmdaleyfi skal gera grein fyrir stærð efnistökusvæðis, áætluðu efnismagni, vinnslutíma og frágangi efnistökuastaðar að vinnslutíma loknum. Gert er ráð fyrir að öll efnistökusvæði verði komin með gilt framkvæmdaleyfi í lok árs 2020.

Eiganda eða umráðamanni eignarlands er heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota skv. 13. gr. skipulagslaga, nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði, jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Stór hluti sveitarfélagsins er á náttúruverndarsvæðum, nr. 134 og 136, og því eru fjölmargar námur innan verndarsvæða. Framkvæmdaleyfi fyrir efnistökusvæði á verndarsvæðum er háð umsögn Umhverfisstofnunar, Fiskistofu og Veiðifélags Laxár. Vegna efnistöku á verndarsvæðum þarf ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu við veitingu framkvæmdaleyfis. Efnistaka úr árfarvegum er sjálfbær þar sem ár bera fram efni í stað þess sem tekið er en þess skal gætt að hafa sem minnst áhrif á lífríki ána og valda ekki landbroti. Leitast skal við að haga framkvæmdum við ár og stöðuvötn þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins skv. 62. gr. laga um náttúruvernd. Öll efnistaka nærri ám og vötnum skal unnin í samráði við veiðifélög og efnistaka allt að 100 metrum frá bakka er háð leyfi Fiskistofu skv. 33 gr. laga um lax og silungsveiði nr. 61/2006. Þá skal leita umsagnar Landgræðslu ríkisins, sé hætta á jarðvegsrofi eða landbroti. Efnistaka skal vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlun og gætt sérstaklega að ákvæðum verndarsvæða, þar sem það á við.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, sjá nánar í reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015, viðauka 1, kafla 2 er kveðið á um matsskyldu framkvæmda, m.a. námuiðnað.

Ávallt skal meta umhverfisáhrif eftirfarandi framkvæmda:

- Svæði þar sem efnistaka eða efnislosun raskar 50.000 m² eða stærra svæði eða er 150.000 m³ eða meiri.

Eftirfarandi efnistöku/efnislosun skal tilkynna til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um matsskyldu:

- Efnistaka/ efnislosun á verndarsvæðum.
- Þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra, eða er 50.000 m³ eða meiri.
- Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður sömu framkvæmdar ná til samans yfir 25.000 m² svæði eða stærra.

Eftirfarandi efnistöku/efnislosun skal tilkynna til sveitarstjórnar sem tekur ákvörðun um matsskyldu:

- Öll önnur efnistaka, þ.e. efnistaka/efnislosun undir 50.000 m³ eða undir 25.000 m².

Gerð er grein fyrir þeim svæðum þar sem efnistaka fer fram eða er fyrirhuguð á skýringarupprætti nr. 4 í viðauka. Þetta á bæði við um malarnám, sandnám, og grjótnám.

Eftirfarandi staðir í sveitarfélaginu eru skilgreindir sem efnistökuastaðir. Tilgreint er um flokk framkvæmdar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 á hverjum stað fyrir sig.

Efnistöku- og efnislosunarsvæði					
Nr.	Heiti	Lýsing	Magn m ³ (allt að ...)	Flokkur framkvæmda skv. lögum 106/2000 m .s.br.	Stærð í ha. (allt að ..)
E1	Kiðafell	Setnáma – setlög/möl	5.000	C	2,5
E2	Eilífsdalur	Setnáma – dalfylla/sandur	5.000	B	1
E3a	Meðalfell	Setnáma – áreyrar/möl	5.000	B	1
E3b	Meðalfell	Setnáma – setlög/möl	5.000	B	1
E3c	Meðalfell	Setnáma – áreyrar/fin möl	5.000	C	1
E4	Grjóteyri	Setnáma – áreyrar/möl	5.000	B	1
E5	Sandur	Setnáma – áreyrar/möl	5.000	B	1
E6a	Möðruvellir	Setnáma – áreyrar/möl	5.000	B	1
E6b	Möðruvellir/Íra- fell	Setnáma – áreyrar/möl	5.000	B	1
E7	Vindás	Setnáma – áreyrar/möl	5.000	B	1
E8a	Fremri-Háls	Setnáma – áreyrar/möl	5.000	B	1,5
E8b	Fremri-Háls	Bergnáma – gosberg/grjót	5.000	B	1
E9	Laxárnes	Setnáma – setlög/fin möl	5.000	B	1
E10	Valdastaðir	Setnáma – malarhjalli/möl	5.000	B	1
E11b	Hálsnes	Gróf möl	5.000	C	1
E11c	Neðri-Háls	Möl	5.000	C	1
E12	Háls	Sandnáma	1.000	B	0,2
E13	Hvammsvík	Setnáma – malarhjalli/möl	5.000	C	1
E14	Hvammur	Setnáma – setlög/möl	5.000	C	1
E15	Hvítanes	Bergnáma – gosberg/grjót	30.000	C	1
E16	Fossá	Bergnáma – gosberg/grjót	5.000	C	1
E17	Þrándarstaðir	Setnáma – aurkeila/gróf möl	5.000	C	1
E18	Skorhagi	Setnáma – áreyrar/möl.	5.000	B	1
E19	Ingunnarstaðir	Setnáma – áreyrar/möl	5.000	B	1
E20	Reynivellir/Þorl áksstaðir	Setnáma – áreyrar/möl	5.000	B	2,3
E21	Káranes	Setnáma – áreyrar/fin möl	5.000	B	1
E22	Þverá við Hækingsdal	Setnáma – áreyrar/möl	45.000	B	3
E23	Eyjar I	Setnáma – áreyrar/fin möl	5.000	B	1
E24	Káraneskot	Setnáma/möl	5.000	B	1
E25a	Eyri	Setnáma/möl	5.000	C	1
E25b	Eyri	Setnáma/fin möl.	3.000	B	1
E26	Hurðarbak	Setnáma/möl	5.000	B	1
E27	Hurðarbak	Setnáma/möl	5.000	B	1
E28	Skorá	Setnáma/möl	5.000	C	1
E29	Litli-Bær	Setnáma/möl	5.000	C	1
E30	Blönduhóls- náma	Setnáma/möl	5.000	C	1
E31	Bær	Setnáma/möl	5.000	B	1

E32	Hækingsdalur/ Hlíðarás	Setnáma/möl	5.000	B	1
E33	Sogn	Setnáma/möl	5.000	B	1

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Stefna um efnistökusvæði er talin hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif á umhverfispætti og þá einkum á náttúru, landslag og ásynd og samfélag. Stefna sveitarstjórnar er að stuðla að nægu framboði efnistökusvæða. Gott framboð af efni dregur úr efnisflutningum og þar með losun kolefnis, sem af þeim skapast. Stefnan styður við stefnu sveitarstjórnar þar sem 39 efnistökusvæði eru sett inn á skipulagið. Mörg hver eru á áreyrum eða í námunda við ár og lögð er áhersla á að heimild til efnistöku úr ám verði veitt í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi. Mörkuð efnistökusvæði eru mörg hver eingöngu til heimanota. Í Skipulagslögum nr. 123/2010 er minniháttar efnistaka heimil landeiganda til eigin nota, utan verndarsvæða, en það er vilji sveitarstjórnar að hafa efnistökusvæðin á skipulagi. Lögð er áhersla á að efnistökusvæði hafi framkvæmdaleyfi og gerðar eru ítarlegri kröfur til efnistökusvæða sem eru á verndarsvæðum. Huga þarf sérstaklega að góðum undirbúningi og umgengni á efnistökusvæðum á verndarsvæðum s.s. við árnar. Hafa ber í huga að efnistaka úr ám og af strandsvæðum er að mestu leyti sjálfbær þar sem ár bera fram efni og við strendur berst efni á land.

2.4 ÓBYGGÐ SVÆÐI EÐA SVÆÐI MEÐ TAKMÖRKUNUM

Fjallað er um óbyggð svæði (kaflí 2.4.1), strandsvæði (kaflí 2.4.2), opin svæði (kaflí 2.4.3) og kirkjugarða og grafreiti (kaflí 2.4.4).

2.4.1 Óbyggð svæði (ÓB)

Í grein 6.2. í Skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru óbyggð svæði skilgreind sem „svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum“.

Í landsskipulagsstefnu segir að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins sem minnst.

Stefna:

- **Stuðlað verði að sjálfbærri nýtingu beitolanda.**
- **Stuðlað verði að öryggi íbúa og ferðafólks.**

Leiðir:

- o Heimilt er að reisa stök mannvirki á óbyggðum svæðum sbr. ákvæði í kafla 2.3.9. þ.m.t. örvirkjanir til að sjá t.d. farsímasendum fyrir umhverfisvænni raforku.
- o Á óbyggðum svæðum er heimil uppgræðsla í smáum stíl s.s. skógrækt til skjóls og prýði og landgræðsla til landbóta, s.s. bændur græða landið og landbótasjóðsverkefni. Einnig fyrirhlaðslur og bakkavarnir.

Landnotkunin óbyggð svæði er ríkjandi á hálendari hluta Kjósarhrepps og fer víðast saman með svæðum á náttúruminjasrá. Afmörkun óbyggðs svæðis í fjallshlíðum fylgir landbúnaðarlandi í flokki IV. Margar vinsælar göngu- og reiðleiðir liggja um svæðið, m.a. Leggjabrájótur og fjölmargar leiðir um Esjuna.

2.4.2 Strandsvæði (ST)

Í grein 6.2. í Skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru „Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki“.

Stefna:

- **Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki.**
- **Laxeldi í sjókvíum er óheimilt í Hvalfirði.**

Leiðir:

- o *Stuðlað skal að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda.*
- o *Komið verði fyrir upplýsingaskiltum með fróðleik og umgengnisreglum á viðkvæmum strandsvæðum.*

Í landsskipulagsstefnu er mörkuð stefna um haf- og strandsvæði og gert ráð fyrir að skipulag skapi aðstæður fyrir nýtingu svæða en jafnframt verði mikilvægum auðlindum hafsvæða viðhaldið. Samkvæmt landsskipulagsstefnu er eldi laxa í sjókvíum óheimilt í Hvalfirði ekki síst vegna hættu á skaðlegum áhrifum á lífríki Laxár. Í sjó verður ekki heimilað fiskeldi eða önnur starfsemi sem ógnað getur lífkerfinu, þ.á.m. villtum fiskistofnum s.s. laxastofnum. Laxvogur er á náttúruminjaskrá og vistkerfið er viðkvæmt fyrir röskun af völdum mengunar og þar er fjölbreytt fuglalíf.

Í Svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins 2040 er fjallað um „Blápráðinn“ en það er strandlengja höfuðborgarsvæðisins sem skírskotar til þess að möguleikinn á stíg meðfram strandlengjunni hangir á bláþræði á nokkrum stöðum af ýmsum ástæðum, s.s. staðhættum eða vegna eignarhalds. Miðað er við að strandlengjan verði gerð eins aðgengileg og kostur er og hugað verði að samfelldum hjóla- og göngustíg, fjölbreyttri útivistaraðstöðu og áningarstöðum meðfram henni. Í Kjósinni liggur Blápráðurinn meðfram strandlengjunni frá sveitarfélagamörkum í suðri inn í Laxvog. Í aðalskipulaginu eru afmörkuð þrjú strandsvæði þar sem aðgengi er gott og svæðin henta vel til útivistar. Eitt þeirra er innan Blápráðarins, þ.e. Hvalfjarðareyri.

Í Staðardagskrá 21 er mörkuð stefna fyrir strandsvæði og sett fram framkvæmdaáætlun fyrir þau. Í framtíðarsýn fyrir strandsvæði er m.a. kveðið á um að ósnortnum strandsvæðum í Hvalfirði verði haldið þannig til framtíðar, að almenningi verði tryggður aðgangur að strandsvæðum að svo miklu leyti sem lög og reglugerðir heimila og að mengandi starfsemi verði á undanhaldi og mengunarvarnir verði með því besta sem þekkist í heiminum.

Valin svæði á strandlengju í Kjósarhreppi eru sérstaklega skilgreind. Svæðin eru aðgengileg en mögulega gæti þurft að bæta aðgengi í samráði við landeigendur. Í öllum tilfellum er um að ræða fjörusvæði, kletta eða lítt gróin sandsvæði sem eru tilvalin til útivistar. Mikið fuglalíf er í fjörunni og fjölbreyttur fjörugróður. Öll svæðin eru á náttúruminjaskrá.

Heimilt er, að undangengnu deiliskipulagi eða eftir atvikum grenndarkynningu, að bæta aðstöðu til útivistar, sbr. kafla 2.3.9, t.d. er heimilt að setja upp upplýsingaskilti og byggja allt að 20 m² þjónustuhús sem getur t.d. verið snyrtiaðstaða og/eða aðstaða fyrir eftirlitsaðila.

Flokkun strandsjávar, skv. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, hefur ekki farið fram. Strandsjór er sjór sem nær frá fjöruörkum og ferskvatnsmörkum í vatnsföllum að mengunarlögsögu.

Strandsvæði eru eftirtalin:

Strandsvæði			
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
ST1	Hvalfjarðar-eyri	Strandlengja og sandsvæði á eyrinni. Stærð svæðis er um 85 ha.	Nokkrar jarðir
ST2	Búðasandur / Maríuhöfn.	Strandlengja og flatlent svæði í voginum. Maríuhöfn er sunnan til á svæðinu. Stærð svæðis er um 25 ha.	Háls og Neðri Háls
ST3	Brynjudalsvogur	Strandlengja og ós Brynjudalsár. Stærð svæðis er um 20 ha.	Skorhagi og Þrándarstaðir

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Stefna um strandsvæði er talin hafa óveruleg eða jákvæð áhrif á umhverfisþætti. Stefna sveitarstjórnar er að standa vörð um þá sérstöðu og aðdráttarafl sem sveitarfélagið býr yfir og stuðla að varðveislu náttúru, sögu- og menningarminja. Stefnan styður við markmið sveitarstjórnar þar sem gert er ráð fyrir bættum merkingum á svæðunum og að þau verði aðgengileg til útivistar.

2.4.3 Opin svæði (OP)

Í grein 6.2. í Skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru opin svæði skilgreind sem „svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennti útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar“.

Stefna:

- Lögð er áhersla á að efla möguleika á sviði útivistar.

Leiðir:

- o Auðveldað verði aðgengi að opnum svæðum með góðu skipulagi, leiðbeiningum og aðgengilegum gönguleiðum.
- o Fjölbreytt aðstaða verði fyrir hendi til leikja- og tómstundastarfs og horft til þess við uppbyggingu nýrra íbúðar- og frístundasvæða.

Í kafla 4.1. á bls. 62 í Svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins 2040 er sett fram eftirfarandi markmið: „Íbúar höfuðborgarsvæðisins eiga aðgang að fjölbreyttum útivistarsvæðum sem hvetja til reglulegrar hreyfingar, náttúruupplifunar og jákvæðra félagslegra samskipta“⁵. Í sveitarfélaginu eru nokkur opin svæði sem ætluð eru til útivistar og einnig liggja fjölmargar gönguleiðir vítt og breytt, sjá kafla 2.5.3. Þá er golfvöllur í Hvammsvík, sjá kafla 2.3.6.

Nokkur svæði eru skilgreind sem opin svæði og eru þau talin upp í eftirfarandi töflu:

Opin svæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
OP1	Hurðarbak	Á svæðinu er gæludýragrafreitur. Stærð svæðis er allt að 5 ha.
OP2	Vindáshlíð	Útivistarsvæði, birki og víðkjarr, skógrækt og fjölbreyttar gönguleiðir. Stærð svæðis er um 30 ha.
OP3a	Meðalfell	Bátaskýli. Stærð svæðis er um 1 ha.
OP3b	Meðalfell	Bátaskýli. Stærð svæðis er um 1 ha.
OP4	Hvammsvík	Bátaskýli og bryggja. Stærð svæðis er allt að 1 ha.
OP5	Félagsgarður	Útivistarsvæði – göngustígur og skógrækt. Stærð svæðis er allt að 5 ha.
OP6	Eyrarkot	Bátaskýli og bryggja. Stærð svæðis er allt að 2 ha.
OP7	Hjalli	Vestan Eyjatjarnar er fyrirhugað útivistarsvæði með gönguleiðum og eftir atvikum aðstöðu til annarrar útivistar s.s. fuglaskoðun. Stærð svæðis um 20 ha.

2.4.4 Kirkjugarðar og grafreitir (K)

Í grein 6.2 í Skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru kirkjugarðar og grafreitir skilgreind sem „svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti“.

Kirkjugarðar eru almennt flokkaðir með kirkjum undir landnotkunarflokknum samfélagsþjónusta (kafla 2.3.5). Grafreitir sem ekki standa við kirkju eru á Meðalfelli og á Valdastöðum.

Grafreitir		
Nr.	Heiti	Lýsing
K1	Meðalfell	Kirkjugarður.
K2	Valdastaðir	Heimagrafreitir.

⁵ (Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, 2015).

2.5 SAMGÖNGUR

Til samgangna teljast öll helstu samgöngumannvirki s.s. vegir, brýr, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir, flugvellir og flugbrautir. Samkvæmt 6. gr. vegalaga nr. 80/2007 skiptist vegakerfi landsins í „þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, almenna stíga og einkavegi. Þjóðvegir og sveitarfélagsvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins“⁶.

Samkvæmt 10. gr. vegalaga nr. 80/2007 þá teljast almennir stígar ..., vera reiðstígar, göngu- og hjólreiðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálstrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga“⁷.

Stefna:

- **Leita hagkvæmra lausna í samgöngum og stuðla að betra umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggða innan héraðs og við nágrannasveitarfélög, m.a. vegna skólaaksturs, atvinnusóknar og ferðaþjónustu.**
- **Stuðla að endurbótum megin vega í byggð og að þeir verði byggðir upp með bundnu slitlagi.**
- **Bæta umferðaröryggi.**
- **Bæta möguleika á atvinnuþátttöku íbúa.**

Leiðir:

- o Bundið slitlag verði komið á alla tengivegi og helstu héraðsvegi á skipulagstímabilinu.
- o Komið verði í veg fyrir utanvegaakstur m.a. með betri merkingum á leiðum.
- o Stuðlað verði að betri almenningssamgöngum í samstarfi við nágrannasveitarfélög.
- o Nýjar vegtengingar við aðalvegi verði lágmarkaðar og leitast við að samnýta sem mest núverandi tengingar.
- o Stuðlað verði að fjölbreyttum göngu-, reið- og reiðhjólaleiðum og að þeim sé vel við haldið.
- o Við uppbyggingu og endurbætur á vegum verði gert ráð fyrir breiðri vegöxl fyrir reiðhjólaumferð.
- o Unnið verður að flokkun og skráningu vega í sveitarfélaginu á fyrri hluta skipulagstímabilsins.

Skipting vegakerfisins í aðalskipulaginu er samkvæmt flokkunarkerfi Vegagerðarinnar í stofnvegi, tengivegi og héraðsvegi. Eru þeir, allir nema héraðsvegir, taldir upp í töflum hér aftar í samræmi við vegaskrá (Vegagerðin, 2014). Héraðsvegir og slóðar eru sýndir til skýringar á aðalskipulagsupprætti en ekki taldir upp hér.

Skipulagsáætlunin er í samræmi við núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar sem og samgönguáætlun, sem gerð hefur verið til 2022 og þingsályktunartillögu til 2018. Þar er m.a. gert ráð fyrir að haldið verði áfram endurgerð Kjósarskarðsvegar⁸. Í „Vegvísi í ferðaþjónustu“ kemur fram að bæta þurfi uppbyggingu og viðhald heilsársvega, æskilegt sé að skilgreina ferðamannaleiðir og að góðar og öruggar samgöngur séu forsenda þess að ferðamenn dreifist sem viðast um landið⁹.

Í 32. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, segir að sveitarfélög skuli gera í aðalskipulagi skrá yfir vegi þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil og hlýtur hún samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi. Slík flokkun hefur ekki verið unnin, enda tímafrekt verkefni sem þarf að vinnast í samræði við landeigendur, stofnanir og félagasamtök. Stefnt er að því að vinnan fari fram á fyrri hluta skipulagstímabilsins.

Gert er ráð fyrir nýrri vegtengingu við Hvalfjarðarveg vegna byggingar hótels í Hvammsvík. Tengingin er nokkru vestar en núverandi tenging og mun liggja að fyrirhuguðu hóteli. Einnig er gert ráð fyrir nýrri tengingu skammt vestan við Hvítanes vegna áningarstaðar fyrir ferðamenn.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Stefna um samgöngur er talin hafa fremur jákvæð áhrif á samfélagið í heild þar sem megináhersla er lögð á að bæta núverandi vegakerfi. Stefna sveitarstjórnar er að leita hagkvæmra lausna í samgöngum

⁶ (Alþingi Íslands, 2007).

⁷ (Alþingi Íslands, 2007).

⁸ (Alþingi Íslands, 2015b).

⁹ (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið & Samtök ferðaþjónustunnar, 2015).

og stuðla að bættu umferðar- og rekstraröryggi innan byggðarinnar. Lögð er áhersla á að vegir verði lagðir með bundnu slitlagi. Stefnan styður við stefnu sveitarstjórnar þar sem ekki er gert ráð fyrir nýjum vegum en bæta verður núverandi vegakerfi til að auka öryggi. Auk þess að stika/merkja megin göngu- og reiðleiðir.

2.5.1 Vegir

Vegakerfi í byggð skiptist í stofnvegi, tengivegi og héraðsvegi.

STOFNVEGIR Í BYGGÐ

Samkvæmt 8. gr. Vegalaga nr. 80/2007 þá teljast stofnvegir vera vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með u.þ.b. 100 íbúa eða fleiri¹⁰.

Vegasamgöngur og tengingar við nágrannabyggðarlög eru nokkuð góðar í sveitarfélaginu.

Stofnvegir eru eftirtaldir:

Stofnvegir		
Nr.	Heiti	Lýsing
47	Hvalfjarðarvegur	Liggur frá sýslumörkum við Botnsá að sveitarfélagamörkum við Kiðafell.

TENGIVEGIR

Samkvæmt 8. gr. Vegalaga nr. 80/2007 þá eru tengivegir vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 2 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis¹¹.

Tengivegir eru eftirtaldir:

Tengivegir		
Nr.	Heiti	Lýsing
48	Kjósarskarðsvegur	Liggur frá sýslumörkum við Árnassýslu, vestur Kjós á Hvalfjarðarveg norðan Laxár.
460	Eyrarfjallsvegur	Liggur frá Hvalfjarðarvegi hjá Kiðafelli, um Miðdal og Eilífssdal, inn á Hvalfjarðarveg hjá Felli.
461	Meðalfellsvegur	Liggur frá Hvalfjarðarvegi norðan Skorár, með Meðalfellsvatni á Kjósarskarðsveg neðan Vindáshlíðar.

Áhersla verður á að bæta öryggi vegfarenda með sérstaka áherslu á svæði þar sem farið er gegn um frístundabyggð, t.d. við Meðalfellsvatn.

HÉRAÐSVEGIR OG AÐRIR VEGIR

Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007, m. s. br. þá eru héraðsvegir vegir sem liggja að býlum, starf-rækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þétt-býlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veg-haldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar¹².

Ekki eru taldir upp héraðsvegir og aðrir vegir en þeir eru sýndir til skýringar á skipulagsupprætti.

2.5.2 Reiðleiðir

Reiðleiðir fylgja gjarnan smaleiðum eða gömlum þjóðleiðum. Megin reiðstígar eru jafnframt reiðleiðir innan byggðarinnar. Þessar leiðir eru mikið notaðar og eru mikilvægar fyrir viðgang og vöxt ferðaþjón-ustu í sveitarfélaginu. Unnið verður að því að aðskilja reiðstíga frá akandi umferð, eftir því sem unnt er. Þar sem reiðstígar liggja um einkalönd, er umferð jafnan háð leyfi landeigenda.

¹⁰ (Alþingi Íslands, 2007).

¹¹ (Alþingi Íslands, 2007).

¹² (Alþingi Íslands, 2007).

Stefna:

- **Megin reiðleiðir séu greiðfærar stærstan hluta ársins og malarbornar þar sem þess gerist þörf.**
- **Umferð hestamanna valdi ekki spjöllum á gróðurlendi, sögu- eða náttúruminum.**

Leiðir:

- o *Haldið verði áfram uppbyggingu reiðstígakerfis í samvinnu við hestamannafélög, landeigendur, Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila.*
- o *Reiðleiðir verði færðar frá þjóðvegum eins og unnt er til að bæta öryggi hestamanna og bílaumferðar.*
- o *Unnið er að framkvæmdaáætlun fyrir reiðvegagerð sem felur í sér forgangsöröðun verkefna.*

Helstu reiðleiðir eru sýndar á skipulagsuppdrætti og á skýringaruppdrætti nr. 4 í viðauka.

2.5.3 Gönguleiðir

Góðar gönguleiðir eru mikilvæg grunnþjónusta við íbúa og gesti á hverjum stað. Þær bjóða bæði upp á valkost í ferðamáta og gefa kost á útivist, heilbrigðu líferni og samverustundum. Að auki gera þær íbúum og gestum kleift að fræðast um náttúru, menningu og sögu á svæðinu en helstu gönguleiðir eru gamlar þjóðleiðir.

Í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 er fjallað um „Græna trefilinn“ sem er samheiti fyrir skógræktar- og útivistarsvæði sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. „Græni stígurinn“ er samfelldur göngu- og hjólastígur sem liggur eftir græna treflinum og tengir öll sveitarfélögin saman. Í Kjósarhreppi liggur græni stígurinn meðfram Hvalfjarðarvegi inn í Laxvog og beygir þar inn í Laxárdal upp að Reynivöllum, þar sem hann tengist megingönguleið um sveitarfélagið.

Stefna:

- **Lögð er áhersla á almenna útivist.**
- **Gönguleiðum verði fjölgað, bæði styttri og lengri leiðum.**

Leiðir:

- o *Merkta verða fjölbreyttar gönguleiðir sem nýtast íbúum til útivistar og geta jafnframt verið grundvöllur fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu.*
- o *Æskilegt er að hluti gönguleiðanna tengist náttúru, sögu og menningu svæðisins.*
- o *Hægt er að nota skipulagðar gönguferðir til að efla umhverfisfræðslu.*

Mikilvægt er að merkja fjölbreyttar gönguleiðir og best ef þær geta tengst ferðaþjónustustöðum til að efla nýtingu þeirra.

Búið er að stika og setja upp upplýsingaskilti á pílágrimagönguleið sem liggur frá Bæ í Bæjarsveit, um Kjósarhrepp að Skálholti. Leiðin liggur úr Botnsdal, um Leggjabrjót og með Öxará¹³. Áfram verður unnið að bættri merkingu leiða.

Helstu gönguleiðir eru sýndar á skipulagsuppdráttum og á skýringaruppdrætti nr. 4 í viðauka.

2.5.4 Reiðhjólaleiðir

Mikil umferð hjólandi fólks er í Kjósarhreppi og er vinsælt að hjóla þær hringleiðir sem þar eru, t.d. um Kjósarskarðsveg, Meðalfellsveg og Hvalfjarðarveg.

Stefna:

- **Mikilvægt er að byggðar verði upp reiðhjólaleiðir um sveitarfélagið og að þær styðji við uppbyggingu ferðaþjónustu.**

¹³ (pilagrimar.is, án ártals).

Leiðir:

- o *Kortlagðar verði reiðhjólaleiðir í sveitarfélaginu í samvinnu við íbúa, landeigendur og almenning.*
- o *Æskilegt er að aðskilja reiðhjólaleiðir frá stofn- og tengivegum.*

Hjólreiðar verða sífellt vinsælli bæði sem ferðamáti og sem hluti af daglegri hreyfingu íbúa. Stefnt er að uppbyggingu reiðhjólaleiða í sveitarfélaginu og að þær verði sem mest aðskildar frá akvegum. Til að byrja með er þó gert ráð fyrir að við uppbyggingu og endurbætur á vegum verði gert ráð fyrir breiðri vegöxl fyrir reiðhjólumferð.

Leggjabráttur hentar vel til fjallahjólreiða. Í Hjólabókinni, bók 3, fyrir Suðvesturland eru sýndar nokkrar dagleiðir í hring á hjóli. Þær leiðir fylgja núverandi vegum og slóðum¹⁴. Reiðhjólaleiðir eru sýndar á skýringaruppdrætti nr. 4 í viðauka.

2.5.5 Flugvellir

Flugvellir flokkast í fjóra flokka skv. 4 gr. reglugerðar um flugvelli nr. 464/2007; flugvöll I, flugvöll II, þyrfluflugvöll og landingarstað. Flugvellir í flokki I þurfa rekstrarleyfi, aðrir flokkar flugvalla eru skráningarskildir¹⁵.

Fjallað er um flugvelli og kröfur til þeirra í reglugerð um flugvelli nr. 464/2007. Enginn flugvöllur er í sveitarfélaginu.

2.6 VEITUR

Í grein 6.2. í Skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru veitur skilgreindar sem „vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir- og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við“.

Fjallað er um hin ýmsu veitumannvirki í Kjósarhreppi en tvær vatnsveitur og hitaveita eru rekin á vegum sveitarfélagsins. Þá annast sveitarfélagið losun rotþróa.

2.6.1 Vatnsveita

Stefna:

- Öll byggð í sveitarfélaginu njóti nægjanlegs neysluvatns.
- Tryggt verði gæði vatns m.a. til matvælaframleiðslu.

Leiðir:

- o *Vatnsból skulu vera afgirt og engar framkvæmdir sem geta ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.*

Aðal vatnsból Kjósarhrepps eru í Eyrarfjalli og Reynivallahálsi. Þá er nokkur fjöldi einkaveitna eða vatnsveitna sem þjóna nokkrum bæjum. Jarðlög eru víða gljúp sem gerir vatnsöflun erfiðari, þó eru kalda-vatnssuppsprettur víða og er vatn tekið úr þeim.

Gerð er grein fyrir vatnsbólum og vatnsverndarsvæðum í kafla 2.7.4.

2.6.2 Hitaveita

Stefna:

- Ávallt verði nægilegt vatn til húshitunar og uppbyggingar atvinnustarfsemi.

Leiðir:

- o *Haldið verði áfram rannsóknum og möguleikum á að nýta jarðhita til að hita upp húsnæði sem víðast í sveitarfélaginu og til atvinnusköpunar almennt.*
- o *Stefnt á að eigendur íbúðar- og frístundahúsa, geti tengst hitaveitu.*

Lögð hefur verið hitaveita um sveitarfélagið, og ljósleiðarastrengur samhliða. Stofnlögn hitaveitu ásamt ljósleiðarastreng er sýnt á skipulagsuppdrætti. Yfir 90% íbúðarhúsa og um 70% frístundahúsa tengjast

¹⁴ (Ómar Smári Kristinsson, 2015).

¹⁵ (Samgönguráðuneytið, 2007).

hitaveitu sveitarfélagsins, Kjósarveitum. Reynt verður að tengja alla þá aðila sem það kjósa við hitaveitu sveitarfélagsins.

2.6.3 Fráveita

Stefna:

- Öll byggð hafi viðurkennd fráveitukerfi samkvæmt reglugerð.
- Ekki verði mengun af völdum frárennslis.
- Skipulag og stofnanir sveitarfélagsins verði nýtt til að tryggja fullnægjandi fráveitu.

Leiðir:

- o Unnið er að úttekt á fráveitu- og regnvatnskerfum og tillögum til úrbóta, gerist þess þörf.
- o Sameiginlegar fráveitur verði þar sem þéttleiki byggðar, landslag og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- o Þar sem lagning safnræsa þykir ekki álitlegur kostur skal nýta önnur kerfi sem vernda umhverfið jafn vel.
- o Í deiliskipulagi verði gerð grein fyrir fráveitukerfum og hvernig þau fullnægi kröfum um öflug fráveitukerfi, s.s. tvískipt fráveitukerfi.
- o Gætt skal sérstaklega að því að fráveitukerfi annar þeirri starfsemi sem því er ætlað að þjóna.

Lögð er áhersla á að öll byggð í sveitarfélaginu sé tengd viðurkenndum fráveitum og stendur sveitarfélagið fyrir hreinsun þeirra. Náttúrufarslegar aðstæður og stærðir lóða ráða mestu um hvernig eðlilegast er að útfæra fráveitur í dreifðum byggðum. Gert er ráð fyrir samveitum þar sem aðstæður leyfa. Þar sem lagning safnræsa þykir ekki álitlegur kostur, annað hvort vegna þess að það hefur ekki umhverfisbætandi áhrif eða það hefur í för með sér óhóflegan kostnað, skal nýta önnur kerfi sem vernda umhverfið jafn vel, sbr. 5 kafla reglugerðar um fráveitur og skulp nr. 798/1999. Meðhöndlun seyrur er skv. 12. gr. reglugerðarinnar. Stór hluti sveitarfélags er á náttúruminjaskrá auk hverfisverndar við Laxá, Bugðu og Meðalfellsvatn. Á viðkvæmum svæðum, t.d. nálægt vatnsverndarsvæðum, svæða sem njóta náttúruverndar eða þar sem grunnvatnsstaða er há, eru almennt gerðar meiri kröfur til hreinsibúnaðar. Gert er ráð fyrir að úttekt á fráveitu- og regnvatnskerfum ljúki á skipulagstímanum.

2.6.4 Rafveita

Samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 m.s.br. (nr. 26/2015) ber sveitarstjórnunum að taka tillit til kerfisáætlunar, í gildi er Kerfisáætlun Landsnets 2015-2024.

Stefna:

- Að öll byggð njóti öruggrar raftengingar.
- Að háspennulínur verði settar í jörð.
- Að þrífösun rafmagns verði komið á í sveitarfélaginu.

Leiðir:

- o Leitast verður við að draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkja, við endurnýjun og nýframkvæmdir.
- o Allar nýlagnir / endurnýjun lagna verði lagðar í jörð.

RARIK er dreifingaraðili raforku í sveitarfélaginu og eru allir bæir tengdir dreifikerfinu. Frá Geithálsi að Brennimel liggur 220 kV háspennulína. Skipulagsáætlunin staðfestir núverandi flutningskerfi Landsnets og dreifikerfi RARIK.

Samkvæmt skýrslu RARIK¹⁶ er enn einfasa rafmagn í efri hluta Kjósarinnar og í Brynjudal.


¹⁶ (RARIK, 2017).

Helgunarsvæði háspennulína er misbreitt en almennt gildir að því hærri spenna, því breiðara helgunarsvæði (Mynd 10). Helgunarsvæði jarðstrengja er að jafnaði mun minna en loflína. Innan helgunarsvæðis háspennulína er óheimilt að reisa mannvirki, planta trjám eða aðrar framkvæmdir nema í samráði við Landsnet.

Háspennulínur, með flutningsgetu 66 kV eða meira eru matsskyldar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, m.s.br. Raflínur 33 kV eða meira, hvort heldur er um jarðstrengi eða loftlínur að ræða eru framkvæmdaleyfisskyldar og eftir atvikum tilkynningaskyldar s.s. á verndarsvæðum. Stofnlínur og strengir 66 kV og stærri eru sýndir á skipulagsuppráttum. Svæðis-skipulag Höfuðborgarsvæðis 2040 gerir ráð fyrir að Landsnet vinni að nýjum línur og flutningi eldri lína inn á skilgreint mannvirkjabelti þegar kemur að eðlilegri endurnýjun¹⁷. Í gildandi kerfisáætlun er stillt upp sviðsmyndum með öflugri tengingu um Brennimelslínu 1 en ekki er tekin afstaða til þeirrar styrkingar.

Helstu raflínur í sveitarfélaginu eru taldar upp í eftirfarandi töflu.

Háspennulínur	
Heiti	Lýsing
Brennimelslína 1	220 kV háspennulína, liggur frá Geithálsi að Brennimel í Hvalfirði.



Mynd 10. Helgunarsvæði háspennulína skv. staðli ÍST EN 50341-3-12:2001.

2.6.5 Fjarskipti

Þingsályktun um tólf ára fjarskiptaáætlun, fyrir árin 2011-2022, gerir ráð fyrir að öryggi fjarskiptakerfa á landsvísu, útbreiðsla og afköst verði tryggð. Þá verði settar fram tillögur að úrbótum sem greiði fyrir endurnýjun og uppbyggingu ljósleiðarastofn- og aðgangsneta um land allt¹⁸. Gert er ráð fyrir að vinnu við lagningu ljósleiðara um sveitarfélagið ljúki á skipulagstímanum.

Stefna:

- **Haldið verði áfram uppbyggingu fjarskipta í sveitarfélaginu sem stuðlar að bættri þjónustu við íbúa og styrkir atvinnustarfsemi.**
- **Gott fjarskiptasamband verði á helstu vegum og ferðmannasvæðum.**

Leiðir:

- o Þar sem þörf er á verði farsímasendum fjölgað
- o Stefnt á að eigendur íbúðar- og frístundahúsa eigi kost á ljósleiðaratengingu.

Við bæinn þúfu er endurvarpsstöð fyrir farsíma. Á Skálafelli er endurvarpsstöð fyrir sjónvarp og farsíma. Gert er ráð fyrir að farsímasambandi verði komið upp fyrir allar megin leiðir og helstu ferðmannasvæði, eftir því sem þarf. Ekki þarf að breyta aðalskipulagi vegna nýrra fjarskiptamastra, sbr. kafla 2.3.9.

Samhliða lagningu hitaveitu var lagður ljósleiðari um sveitarfélagið, á þá bæi og frístundahús sem það vildu.

¹⁷ (Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, 2015).

¹⁸ (Alþingi Íslands, 2012b).

2.7 VERNDARSVÆÐI OG MINJAR

Í þessum kafla er fjallað um svæði sem njóta einhvers konar friðunar eða verndar vegna náttúru eða menningarminja. Einnig þá þætti sem lúta að takmörkun á landnotkun s.s. vegna hverfisverndar, vatnsverndar eða minja.

Með verndarsvæðum er átt við svæði sem verndarkvaðir hvíla á, t.d. vegna náttúruverndar. Um náttúruverndarsvæði gilda ákvæði laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 þá teljast náttúruverndarsvæði vera; *friðlýst svæði og afmörkuð búsvæði friðaðra tegunda. Svæði og náttúrumyndanir á náttúruminjaskrá. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags*¹⁹.

Samkvæmt VIII kafla laganna eru flokkar friðlýstra svæða eftirtaldir:

- Náttúruvé
- Óbyggð víðerni
- Þjóðgarðar
- Friðlönd
- Náttúruvætti
- Landslagsverndarsvæði
- Verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda

Samkvæmt 61. gr. laganna þá njóta ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim eins og kostur er. Þær eru eftirtaldar:

- Votlendi 20.000 m² eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri og sjávarfitjar og leirur.
- Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.
- Eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma.
- Fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Þá ber, skv. 62. gr. laganna, að leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og nánasta umhverfi.

Ekki hefur verið gerð úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum á skipulagssvæðinu sem ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd taka til, eða þær kortlagðar. Skipulagið er því sett fram með þeim annmörkum. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en framkvæmda- eða byggingarleyfi er veitt, sbr. 13. og 15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, í þeim tilvikum sem framkvæmdir geta haft í för með sér röskun á þessum landslagsgerðum.

Skv. 1. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal *stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða*.

Samkvæmt 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 gildir eftirfarandi: „*Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið*“.

Samkvæmt landsskipulagsstefnu er miðað við að stefna um verndun víðerna og náttúrugæða „*verði eftir því sem við á útfærð með hverfisvernd í skipulagsáætlunum m.a. þannig að í aðalskipulagi verði þau svæði hverfisvernduð sem tilgreind eru í verndarflokki rammaáætlunar og náttúruverndaráætlun*“. Þar sem ekki hefur verið lagt fram kort af víðernum landsins verður ekki um afmörkun þeirra að ræða í þessu

¹⁹ (Alþingi Íslands, 2015a).

aðalskipulagi. Almennt má segja að sú stefna sem sett er fram í aðalskipulaginu skerði ekki óbyggð víðerni umfram það sem nú er. Víðerni eru því ekki afmörkuð á skipulagsupprætti.

Stefna:

- **Stuðla skal að verndun lítt raskaðra landsvæða og óbyggðra víðerna.**
- **Stuðlað verði að varðveislu sögu-, náttúru- og menningarminja og annarra umhverfislegra gæða.**
- **Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og sögu sem felst meðal annars í byggingararfi og landslagi.**
- **Hugað verði að varðveislugildi eldri húsa og mannvirkja, þ.m.t. samgöngumannvirkja.**
- **Varðveita skal lítt snortin votlendissvæði.**

Leiðir:

- o Skipulag og merkingar verði bætt til að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og til að bæta umgengni um viðkvæm svæði.
- o Markvisst verði reynt að vernda náttúru- og menningarminjar á svæðinu m.a. með merkingu þeirra og aukinni fræðslu og upplýsingagjöf til ferðamanna.
- o Stuðlað verði að varðveislu og endurheimt birkiskóga og birkikjarrs.
- o Unnið verði að lagfæringu og viðhaldi á völdum minjum, t.d. fornum bæjarstæðum og samgöngumannvirkjum.
- o Merkir minja- og sögustaðir verði merktir og gerðir aðgengilegir, fornar leiðir verði endurvaktar.
- o Menningarminjar verða merktar eftir því sem kostur er og upplýsingar um þær bætтар.
- o Kortlagðar verði gamlar þjóðleiðir og kannaðir möguleikar á að nýta þær sem reið- og/eða göngu-leiðir.

Í Kjósarhreppi er eitt friðlýst svæði, fjögur svæði á náttúruminjaskrá og nokkur hverfisverndar- og vatnsverndarsvæði. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 (34. gr.) kveða á um endurskoðun náttúruminjaskrár.

2.7.1 Friðlýst svæði

Samkvæmt gr. 6.3 í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 eru friðlýst svæði „svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar“.

Friðlýst svæði falla í nokkra flokka og er verndarstig þeirra mjög misjafnt og umgengnisreglur einnig. Flestar friðlýsingar eru grundvallaðar á náttúruverndarlögum og um sum friðlýst svæði gilda sérstök lög. Forsenda fyrir friðlýsingu er að verndun sé mikilvæg vegna sérstaks landslags eða lífríkis. Almenningi er leyfður aðgangur að friðlýstum svæðum eftir tilteknum reglum²⁰.

Friðlýst svæði í Kjósarhreppi eru talin upp í eftirfarandi töflu:

Friðlýst svæði	
Heiti	Lýsing á afmörkun svæða og sérstæði þeirra skv. náttúruminjaskrá
Steðji (Staupasteinn)	Sérkennilegur steinn, (bjarg) á Skeiðhól í Hvalfirði. Friðlýstur sem náttúruvætti. Friðlýsta svæðið tekur yfir 3,2 ha svæði við steininn.

Önnur náttúruvernd

Náttúruminjaskrá er skrá yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Þau svæði sem eru á náttúruminjaskrá geta hýst sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrým-ingarhættu. Þau geta verið óvenju tegundarík eða viðkvæm fyrir röskun eða að þau eru nauðsynleg til að viðhalda sterkum stofni mikilvægra tegunda. Svæðin geta haft vísindalegt gildi-, félagslegt-, efnahagslegt-, eða menningartengt gildi. Þau geta einnig verið mikilvæg til að viðhalda náttúrulegum þróunar-

²⁰ (Alþingi Íslands, 2015a).

ferlum, haft alþjóðlegt náttúruverndargildi eða verið einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta. Almennt gildir að mannvirkjagerð á svæðum á Náttúruminjaskrá er tilkynningarskyld sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðauka 2.

Eftirtalin svæði eru á náttúruminjaskrá og flokkuð sem aðrar náttúruminjar, lýsing á þeim er tekin úr Náttúruminjaskrá og vísa númerin til hennar ²¹:

Svæði á náttúruminjaskrá		
Nr.	Heiti	Lýsing á afmörkun svæða og sérstæði þeirra skv. náttúruminjaskrá
134	Laxvogur og Laxá í Kjós	Grunnsævi, fjörur og strandlengja frá ósi Laxár út að línu milli Hálsness og Eyrar (Hvalfjarðareyrar). Vatnasvið Laxár og nánasta umhverfi frá ósi upp að vatnaskilum. Meðalfellsvatn, Stíflisdalsvatn og Mjóavatn. Káranesef og Hurðarbakssef. Í Laxvogi eru víðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri. Laxá er ein helsta laxveiðiá landsins. Í sefinu er fjölskrúðugt fuglalíf.
135	Pórufoss	Pórufoss í Laxá ásamt nánasta umhverfi. Tilkomumikill foss í fögru gljúfri.
138	Ósmelur og Hvalfjarðareyri	Svæðið tekur yfir fjörur, sjávarlón, grunnsævi og strandlengju utan ræktaðs lands neðan þjóðveggar frá Norðurkoti inn að vík neðan við Eyrarkot. Ósmelur er stór og fagur jökulgarður frá síðjökultíma. Meðfram ströndinni eru jarðlög með fornskeljum. Hvalfjarðareyri er fundarstaður baggalúta. Svæði í nánd við þéttbýli með mikið útivistar- og fræðslugildi.
201	Brynjudalur, Botnsdalur, Hvalvatn, Glymur	Lönd Litla- og Stóra- Botns, Hrisakots, Ingunnarstaða, Þrændarstaða og Skorhaga. Svæðið tekur yfir fjörur í Botnsvogi og Brynjudalsvogi, svo og Brynjudal og Botnsdal, allt upp fyrir Hvalvatn. Fagrir dalir, töluverður kjarrgróður. Mjög lífauðugar leirur, mikið fuglalíf. Glymur, hæsti foss landsins er í Botnsá.



Mynd 11. Laxá í Kjós er á náttúruminjaskrá.

Unnið verður að nánari afmörkun svæða á náttúruminjaskrá í samráði við Umhverfisstofnun en afmörkun svæðanna er mjög rúm í gildandi náttúruminjaskrá.

2.7.2 Hverfisvernd

Samkvæmt Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, gr. 6.3 þá gilda sérstök ákvæði um hverfisverndarsvæði: „Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum“ ²².

Hverfisvernd er alhliða vernd sem getur tekið til náttúruminja, landslags eða fornleifa. Mörg þessara svæða hafa einnig nokkuð útivistargildi. Sveitarstjórn setur fram í aðalskipulagi hvaða þættir á viðkomandi svæði skulu njóta tiltekinnar verndar. Ennfremur hvaða réttindi og kvaðir eru samfara hverfisvernd og geta takmarkað framkvæmdir og landnotkun svæðisins.

²¹ (Umhverfisstofnun, 2015).

²² (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013).

Hverfisvernd er af tvennum toga; vegna náttúruverndar og vegna menningarminja.

Hverfisvernd vegna náttúruverndar

Birkikjarr og birkiskógar eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði. Þá eru minjar vegna veru hersins á Hvítanesi settar undir hverfisvernd. Auk þess er skilgreind hverfisvernd umhverfis Meðalfellsvatn og um Bugðu og Laxá.

Ákvæði hverfisverndar vegna náttúruverndar eru þessi:

- Þar sem um er að ræða vötn eða tjarnir tekur verndarsvæðið til þeirra svæða og að lágmarki til 50 m beltis á bökkum þeirra.
- Framræsla votlendis á hverfisverndarsvæðum er óheimil. Þá skal takmarka notkun tilbúins áburðar sem og og húsdýraáburðar.
- Halda skal byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Innan náttúrulegra birkiskóga er einungis heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir eins og birki, víði og reyni. Þó er heimilt að grisja náttúrulegan skóg og gera göngustíga um hann.
- Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun eða stjórn beitar á svæðinu.

Eftirfarandi hverfisverndarsvæði eru afmörkuð í aðalskipulaginu.

Hverfisverndarsvæði vegna náttúruverndar		
Nr.	Heiti	Lýsing
HV1	Vindáshlíð	Náttúrulegt birkikjarr. Einungis er heimilt að planta íslenskum trjátegundum á svæðinu. Stærð svæðis er um 55 ha.
HV2	Hvítanes	Minjar frá veru breska hersins. Á svæðinu var umfangsmikil starfsemi í síðari heimsstyrjöldinni og rústir mannvirkja eru vel sýnilegar. Verndunin tekur yfir allt nesið og upp að Hvalfjarðarvegi. Stærð svæðis er um 30 ha.
HV3	Fossá	Náttúrulegt birkikjarr. Einungis er heimilt að planta íslenskum trjátegundum á svæðinu. Stærð svæðis er um 66 ha.
HV4	Brynjudalur	Náttúrulegt birkikjarr. Einungis er heimilt að planta íslenskum trjátegundum á svæðinu. Stærð svæðis er um 90 ha.
HV5	Meðalfellsvatn	Hverfisvernd vegna lífríkis. Verndunin tekur til alls vatnsins og 50 m beltis umhverfis það. Huga þarf sérstaklega að frárennslisþáttum, m.a. frá heitum pottum og hreinsivirkjum í samráði við Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis. Tryggja skal að ekki sé hætt á mengun grunnvatns s.s. vegna olíu, áburðar eða annar efna. Vakta skal svæðið reglulega. Stærð svæðis er um 245 ha.
HV6	Bugða og Laxá	Hverfisvernd vegna lífríkis. Verndunin tekur til ána og 50 m svæðis frá árbakka. Tryggja skal að ekki sé hætt á mengun grunnvatns s.s. vegna olíu, áburðar eða annar efna. Vakta skal svæðið reglulega. Efnistaka er heimil sbr. kafla 2.3.10. Heimilt er að vinna að bakkavörnum. Stærð svæðis er um 365 ha.
HV7	Búðasandur/Maríuhöfn	Hverfisvernd tekur til minja á strandsvæðinu og klapparhólum austur af því. Búðasandur er strandlengja og flatlent svæði í voginum byggt upp af svokallaðri perlumöl. Hin forna höfn, Maríuhöfn, er talin hafa verið strandsvæðið og hið þekkt skipalægi framan við Búðasand og lónið inn af Búðasandi. Við enda lónsins eru friðlýstar minjar. Svæðið verður opið til útivistar og tryggja skal verndun minja. Sandnám, allt að 1000 m ³ er heimil í fjöruborði Búðasands á skipulagstímabilinu. Vanda skal til efnisöku og ganga skal frá svæðinu að efnistöku lokinni. Óheimilt er að afsetja annað efni í námunni. Óheimilt er að geyma olíur eða önnur mengandi efni á svæðinu. Stærð svæðis er um 12 ha.

Verndun votlendis og endurheimt þess verður skoðuð þegar kortlagning þess og áherslur landeigenda liggja fyrir, enda er auðvelt að endurheimta slíkt land til akuryrkju síðar, sé það talið æskilegt.

2.7.3 Menningarminjar

Fjallað er um menningarminjar þ.e. friðlýstar menningarminjar, minjar sem njóta hverfisverndar ásamt friðuðum eða friðlýstum byggingum.

Þjóðminjar taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 ²³.

Í gr. 6.3 í Skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er minjavernd skilgreind sem „svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar“ ²⁴.

Samkvæmt 1. gr. í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 teljast menningarminjar „ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu“ ²⁵. Allar friðlýstar fornminjar flokkast sem þjóðminjar skv. 2. gr. laganna. Þá kveða lögin á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 3. gr. laganna. Þar segir einnig að fornleifar teljist „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á.“ Auk friðlýstra minja er fjöldi annarra minja á svæðinu sem eru vernduð í flokki hverfisverndar en allar fornminjar njóta friðunar skv. 3. gr. laganna. Í 16. gr. segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.

Friðlýstar minjar eru sýndar á skipulagsuppdætti. Þá eru allar minjar sem hafa verið skráðar í aðalskráningu sýndar á skýringaruppdætti nr. 6 í viðauka. Varðandi umfjöllun um minjar er vísað í skýrslurnar „Fornleifaskráning í Kjósarhreppi I – III“ ²⁶ sem unnar voru af Fornleifastofnun Íslands. Helstu flokkar heimilda sem stuðst er við í skráningu minja eru jarðabækur, túnakort, örnefnaskrár og fornleifa-skýrslur. Yfirlit yfir friðlýstar minjar er sett fram í töflu hér að neðan og er skv. aðalskráningu.

Friðlýstar minjar		
Nr.	Heiti	Lýsing
GK334:031	Orrustuhóll	Þjóðsaga, legstaður. Í Kjalnesingasögu segir frá orrustu við Orrustuhól. Friðlýstur árið 1962.
GK352:012	Hálsbúðir	Búðarústir frá fornum verslunarstað hjá Búðasandi. Friðlýst árið 1975.
GK356:032	Fossá	Fjarrétt hlaðin úr grjóti í landi Fossár. Friðlýst árið 1972.
GK359:010	Gullhlaðsvellir	Forn rúst, er nefnist Gullhlaðsvellir, sunnan við Brynjudalsá innan við Þrándarstaði. Friðlýst árið 1930.

Samkvæmt 29. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012, þá eru öll hús og mannvirki sem eru eldri en 100 ára friðuð og er óheimilt að raska þeim, breyta, rífa eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar. Samkvæmt 31. gr. laganna er óheimilt að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands.

Eftirtalin mannvirki eru friðuð eða friðlýst skv. skráningu Minjastofnunar Íslands:

Friðuð eða friðlýst hús og mannvirki	
Heiti	Lýsing
Vindáshlíðarkirkja	Friðlýst timburhús reist 1878 á Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Flutt að Vindáshlíð 1957 og kór reistur við kirkjuna og innri gerð breytt verulega. Friðuð 1990.
Reynivallakirkja	Friðlýst timburhús. Forkirkja reist 1951-1953 og kirkjan lengd 1959. Friðuð 1990.
Árnes	Friðað sumarhús, byggt árið 1917. Hnit: X=374874.4,Y=429017.3.

²³ (Alþingi Íslands, 2012a).

²⁴ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013).

²⁵ (Alþingi Íslands, 2012a).

²⁶ (Birna Lárusdóttir ritstjóri, o.fl, 2008; Sólveig Guðmundsdóttir Beck, 2010; Sólveig Guðmundsdóttir Beck ritstjóri & Sigurjóna Guðnadóttir, 2012a, 2012b).

Í 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 er fjallað um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki eru friðuð eða friðlýst. Undir þetta falla mannvirki sem byggð voru 1925 eða fyrr og kirkjur sem reistar voru 1940 eða fyrr og skylt er að leita álits Minjastofnunar, með minnst sex vikna fyrirvara séu áform um að breyta þeim byggingum. Framangreind ákvæði 29. gr. laga um menningarminjar, um mannvirki sem eru 100 ára eða eldri, gilda jafnframt um þau mannvirki sem talin eru upp í töflu hér að neðan og náð hafa þeim aldri. Upplýsingar eru fengnar úr skránni Fasteignamats ríkisins.

Verndun annarra húsa og mannvirkja	
Heiti	Lýsing
Ingunnarstaðir	Hlaða, kálfahús og gripahús, byggð árið 1924. Hnit: X=387197.6, Y=431300.4.
Ingunnarstaðir	Íbúðarhús, byggt árið 1923. Hnit: X=387193.9, Y=431290.3.

Minjar sem njóta hverfisverndar

Nokkrar aðrar minjar eru settar undir hverfisvernd og sýndar á skipulagsuppdráttum. Æskilegt er að unnið verið að varðveislu markverðra minja, þær gerðar aðgengilegar og veittar upplýsingar um þær.

Ákvæði hverfisverndar vegna menningarminja eru:

- Gæta sérstaklega að minjum þegar framkvæmt er í næsta nágrenni.
- Minnt er á lög um menningarminjar verði vart við minjar við framkvæmdir.
- Vinna skal að merkingu minja í samráði við landeigendur.

Aðrar minjar sem skráðar voru í aðalskráningu eru sýndar á skýringaruppdrætti. Varðandi umfjöllun um þær er vísað í aðalskráningu²⁷ og vísa númer minjanna til hennar.

Minjar sem njóta hverfisverndar		
Nr.	Heiti	Lýsing
GK331:005-007	Morastaðir	Neðri-Stekkir, Efri-Stekkir og Stekkjarás. Rústir þriggja stekka.
GK331:013, 018	Morastaðir	Tóft stekkar undir Stekkjarenni og önnur á Stórás.
GK334:012	Dyljáarsel	Heimild um sel. Staðsetning óljós.
GK334:026	Eilífsdalur	Tóft sem gæti hafa verið stekkur eða hluti sels.
GK340:008	Flekkudalur	Tvær tóftir á Stekkjarbala.
GK340:010	Flekkudalur	Tóftir stekkar.
GK340:014	Selhæðir	Örnefni, sel. Engar tóftir fundust.
GK340:017	Neðri-Flekkudalur	Bæjarstæði, býli.
GK340:022	Flekkudalur	Tóftir, óþekkt.
GK345:006	Sauðafell	Þrjár tóftir. Sennilega eru tvær þeirra hluti af Sauðafellskoti en ein gæti verið yngri.
GK345:008	Hulstaðir	Þrjár rústir. Líklega eyðibýlið Hulstaðir.
GK345:015	Margrétarkot	Ein tóft, tvískipt.
GK351:037	Bollastaðir	Tóftir býlis.
GK357:008	Múli	Bæjarhóll.
GK357:009	Þorkötlustaðir	Tóftir, býli. Enginn greinilegur bæjarhóll eða túngarðar.
GK357:017	Djúpavað	Heimild um vað á Brynjudalsá.

²⁷ (Birna Lárusdóttir ritstjóri o.fl., 2008; Sólveig Guðmundsdóttir Beck, 2010; Sólveig Guðmundsdóttir Beck ritstjóri & Sigurjóna Guðnadóttir, 2012a, 2012b).

2.7.4 Vatnsvernd

Í gr. 6.3 í Skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru vatnsverndarsvæði skilgreind sem „svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn“.

Vatnsverndarsvæði flokkast í þrjá flokka skv. 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun vatns. Flokkarnir eru brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði²⁸.

Um vatnsverndarsvæði gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.

Stefna:

- Lögð er áhersla á nægt framboð neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.
- Áhersla verður á að tryggja vatnsgæði til framtíðar.

Leiðir:

- o Vatnsból verði afgirt og friðuð fyrir óviðkomandi umferð.
- o Vatnsgæði verða metin og kortlögð í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis.
- o Skilgreind verða vatnsverndarsvæði í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis.
- o Engar framkvæmdir sem ógnað geti brunnsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.
- o Vatnsgæði verða vöktuð í samráði við Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis og gripið til aðgerða ef þurfa þykir.

I. flokkur - brunnsvæði

Verndarákvæði brunnsvæða skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 eru þessi: „Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðuð fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli“. Vatnsból og 5 m svæði umhverfis þau eru sýnd á skipulagsuppdraetti og á skýringaruppdraetti nr. 5 í viðauka.

Vatnsból og eftir atvikum grann- og fjarsvæði eru sýnd á skipulagsuppdraettum.

Brunnsvæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
VB1	Galtargil	Í landi Eyra – þjórnar Lækjarbraut og Harðbala.
VB2	Ásgarður	Í landi Valdastaða – þjórnar Ásgarði, Félagsgarði, veiðihúsi Laxár.
VB3	Neðri-Háls	Þjórnar Neðri – Háls jörðinni.
VB4	Valdastaðir	Þjórnar Valdastaðajörðinni.
VB5	Káraneskot	Þjórnar þrem nálægum jörðum.
VB6	Meðalfell	Þjórnar Meðalfellsjörðinni og frístundasvæðum.
VB7	Þorlaksstaðir	Þjórnar Þorlaksjörðinni.
VB8	Kaffi-Kjós	Þjórnar veitingarekstri.
VB9	Eyjar II	Þjórnar Eyjajörðinni.
VB10	Eyjar I	Þjórnar Eyjajörðinni og frístundabyggð.
VB11	Grjóteyri	Þjórnar Stekkjarhól og Grjóteyri.
VB12	Miðdalur	Þjórnar Miðdalsjörðinni.
VB13	Þúfukot	Þjórnar Þúfukoti og frístundasvæði.
VB14	Hvammsvík	Þjórnar frístunda- og ferðaþjónustusvæði í landi Hvammsvíkur.
VB15	Vindáshlíð	Þjórnar sumardvalaheimili KFUM / KFUK í Vindáshlíð
VB16	Norðurnes	Í landi Möðruvalla - þjórnar nálægum frístundabyggðum.

²⁸ (Umhverfissráðuneytið, 1999).

VB17	Kiðafell	Þjónar Kiðafellsjörðinni.
VB18	Eilífsdalur	Þjónar býli / íbúðarsvæðum.
VB19	Háls I	Þjónar Hálsjörðinni.
VB20	Háls	Þjónar íbúðarhúsum utan við Háls.
VB21	Grímsstaðir	Þjónar Grímsstaðajörðinni.
VB22	Eilífsdalur	Þjónar frístundabyggð.
VB23	Fell	Þjónar Fellsjörðinni.
VB24	Hjalli	Þjónar ferðaþjónustunni Hjalla.
VB25	Möðruvellir 1	Þjónar frístundasvæðum í Norðurnesi.

II. flokkur - grannsvæði

Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar, skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólinu. Verndarákvæði grannsvæða, skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, eru þessi: „Á grannsvæðum er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða sambærilegar byggingar á svæðinu. Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti“. Grannsvæði vatnsbóla eru í flestum tilfellum sýnd á skipulagsupprætti.

III. flokkur - fjarsvæði

Fjarsvæði liggur utan þess lands sem telst til brunnsvæða og grannsvæða vatnsbóla. Verndarákvæði fjarsvæða eru þessi skv. skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999: „Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp undir grannsvæði vatnsbóla. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja“. Fjarsvæði vatnsbóla eru í flestum tilfellum sýnd á skipulagsupprætti.

2.7.5 Verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum

Stefna:

- Öll byggð í sveitarfélaginu hafi viðurkennd fráveitukerfi samkvæmt reglugerð.

Um vatnasvæði gilda eftirtalin verndarákvæði til varnar mengunar:

- o Áhersla er lögð á verndun vatnasvæða í sveitarfélaginu.

Verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum eru svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Markmið reglugerðar er að draga úr eða koma í veg fyrir mengun í sjó, ám og vötnum. Í reglugerðinni er kveðið á um að gera skuli grein fyrir langtíma-markmiði fyrir vötn í svæðis- og aðalskipulagi. Grunnvatn og yfirborðsvatn skal flokkað eftir forsendum 9. og 10. greinar reglugerðarinnar í eftirtalda flokka:

- Flokkur A: Ósnortið vatn.
- Flokkur B: Lítið snortið vatn.
- Flokkur C: Nokkuð snortið vatn.
- Flokkur D: Verulega snortið vatn.
- Flokkur E: Ófullnægjandi vatn.

Árin 2003 og 2004 voru vatnasvæði í sveitarfélaginu flokkuð í ofangreinda flokka skv. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Niðurstöður flokkunarinnar eru eftirfarandi:

Mengunarflokkun vatna	
Heiti	Flokkur
Botnsá	A
Brynjudalsá	A
Bugða	A
Fossá	A
Kiðafellsá	A
Laxá	A
Meðalfellsvatn	A, styrkur blaðgrænu α flokkast í mengunarflokk B.

Í reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri nr. 804/1999 m.s.br. segir m.a í kafla 5:

- o „Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að draga úr hættu á að vatn mengist og koma í veg fyrir mengun í vatni af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði eða af öðrum orsökum.
- o Losun búfjáráburðar í yfirborðsvatn er óheimil“.

Í breytingu á reglugerðinni nr. 592/2001 segir í gr. 5.3:

- o „Um losun efna og skólps frá landbúnaði í fráveitur og viðtaka fer samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns“.
- o Engar framkvæmdir verði leyfðar innan vatnsverndarsvæða nema fyrir liggi áhættumat sem heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis samþykkir.

Í gr. 6.3 segir: „Við staðsetningu og frágang á hauggeymslum skal taka mið af vatnsverndarsvæðum, fjarlægðarmörkum fyrir vatnsból og starfsreglum um góða búskaparhætti, sbr. 14. gr. Að öðru leyti skal farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um gerð og staðsetningu hauggeymslna og áburðargeymslna“.

2.8 NÁTTÚRUVÁ

Í gr. 6.3 í Skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru svæði undir náttúruvá skilgreind sem „svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri)“.

Fjallað er um náttúruvá í Forsenduhefti aðalskipulagsins, kafla 2.6. Þar er gerð grein fyrir jarðskjálftum, flóðahættu, hættusvæði vegna ofanflóða og hugsanlegri hættu vegna gróður- og kjarrelða í frístundabyggð. Kjósarhreppur er utan við virkasta hluta gosbeltisins. Eldgosa og jarðskjálftahætta er því ekki mikil í sveitarfélaginu. Skriðuföll kunna að valda hættu en hafa ekki verið kortlögð eða metin af þar til bærum aðilum.

Engin skilgreind hættusvæði vegna náttúruvár eru í sveitarfélaginu.

Stefna:

- Ný byggð verði ekki á mögulegum hættusvæðum.
- Tryggja skal öruggt fjarskiptasamband alls staðar í sveitarfélaginu, m.a. fyrir björgunar- og eftirlitsaðila.
- Tryggja skal upplýsingaflæði til íbúa og ferðamanna.

Leiðir:

- o Unnið verður að mati á hættu af völdum grjóthruns og ofanflóða í samstarfi við Veðurstofu Íslands.
- o Við gerð deiliskipulags verði aflað umsagna þar til bærra aðila varðandi hættu á ofanflóðum.
- o Veita upplýsingar varðandi náttúruvá og viðbragðsáætlanir gegn þeim.
- o Tryggja öruggt fjarskiptasamband sem víðast á svæðinu, fyrir almenning og viðbragðsaðila svo hægt sé að vara við yfirvofandi hættu.

- o *Unnar verða viðbragðsáætlanir vegna mögulegra kjarr- og skógarelda í samráði við þar til bæra aðila, s.s. slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.*

Gert er ráð fyrir að á skipulagstímanum verði unnið að mati á hættu af völdum grjóthruns og ofanflóða. Áfram verður unnið að merkingum og kortlagningu vegna öflunar slökkvivatns auk þess sem bent er á heimasíðu; www.grodeuldur.is um varnir gegn gróðureldum.

3 SKIPULAGSFERLI

Fjallað er um helstu breytingar sem gerðar hafa verið frá eldra aðalskipulagi (kaflí 3.1). Gerð grein fyrir ferli skipulagslýsingar og athugasemdum við hana (kaflí 3.2). Þá er greint frá samráði sem haft var á vinnslutíma aðalskipulagstillögunnar og kynningu á tillögunni (kaflí 3.3). Að lokum er greint frá auglýsingu aðalskipulagstillögunnar, þeim athugasemdum sem bárust og afgreiðslu þeirra (kaflí 3.4).

3.1 BREYTINGAR FRÁ ELDRA AÐALSKIPULAGI

Helstu breytingar í nýju skipulagi eru að tekið hafa gildi ný skipulagslög, nr. 123/2010 og ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir nýjum landnotkunarflokkum s.s. afþreyingar og ferðamannasvæðum, íþróttasvæðum, skógræktar- og landgræðslusvæðum, varúðarsvæðum og annarri náttúruvernd. Í einhverjum tilfellum hefur landnotkun því færst milli landnotkunarflokka. Í lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, er gert ráð fyrir vernd víðerna auk merkra jarðmyndana og vistkerfa. Landskipulagsstefna 2015-2026 tók gildi vorið 2016. Í henni er m.a. gert ráð fyrir flokkun landbúnaðarlands, að mörkuð verði stefna um yfirbragð byggðar og að landnotkun styðji við búsetu og samfélag en taki jafnframt tillit til verndarsvæða. Á hálendinu er áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda og vistkerfa, stuðlað verði að góðri aðstöðu ferðamanna, góðu aðgengi að hálendinu og að mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun.

Hálendari hluti sveitarfélagsins er skilgreindur sem óbyggt svæði og afmörkun þess í fjallshlíðum fylgir nokkuð landbúnaðarlandi í flokki IV skv. flokkun landbúnaðarlands.

Gert er ráð fyrir nýju svæði fyrir íbúðabyggð, ÍB5 auk þess sem frístundasvæði F10c og hluta af F8 og F10d er breytt í íbúðarbyggð. Þá er heimilt að byggja stök íbúðarhús í tengslum við þá byggð eða þau samgöngu- og veiturkerfi sem fyrir eru. Búgarðabyggð er felld út.

Breytingar eru gerðar á afmörkun nokkurra frístundasvæða í samræmi við nákvæmari kortagrunna. Svæði, F6, F15 og F26 eru felld út. Stærsti hluti svæðis F8 er skógræktarsvæði svo það fellur út. F18a og F18b eru minnkuð þar sem innan þeirra eru íbúðarhús. Svæði F4b er stækkað til norðvesturs. F13b er fært til og flákinn minnkaður en svæðið var ranglega staðsett skv. deiliskipulagi. Tvö ný frístundasvæði eru sett inn, F26a og b. Heimiluð er uppbygging á eldri svæðum í tengslum við eðlilegt viðhald og/eða til stækkunar húsa.

Eitt verslunar- og þjónustusvæði fellur út og sett eru inn ný verslunar- og þjónustusvæði, VP4, VP5 og VP6. Gert er ráð fyrir byggingu hótels í Hvammsvík og á Þúfu, með gistingu fyrir allt að 50 gesti á hvorum stað.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði eru skilgreind á nokkrum stöðum.

Landbúnaðarland hefur verið flokkað í sveitarfélaginu og lögð er áhersla á verndun lands sem hentugt er til ræktunar. Unnið hefur verið kort sem sýnir úrvals landbúnaðarland innan sveitarfélagsins og gert er ráð fyrir að ekki verði heimiluð landnýting á þeim svæðum sem takmarki verulega ræktunarhæfni lands, nema í beinum tengslum við þann rekstur sem fyrir er. Settir eru skilmálar í greinargerð til verndar þessari auðlind.

Íþróttasvæði í landi Meðalfells er tekið út en stefnt er að stækkun golfvallar í Hvammsvík.

Tvö opin svæði eru felld út, OP3 og OP5 og eitt er minnkað, OP3b.

Merkt eru inn 7 ný efnistökusvæði. Þau eru öll lítil og aðallega gert ráð fyrir efnistöku til eigin nota.

Heimilaðar eru ýmis konar stakar framkvæmdir s.s. íbúðar- og frístundahús á landbúnaðarsvæðum og eftir atvikum skógræktar- og landgræðslusvæðum. Virkjanir, vindrafstöðvar og örvirkjanir að ákveðinni stærð eru heimilaðar og dregið er úr afkastagetu sólar- og vindrafstöðva. Minni veitur og veitumannvirki eru heimil. Heimilt er að útbúa áningarstaði á helstu ferðaleiðum s.s. við göngu- og reiðleiðir. Áfram er heimilt að starfrækja rekstur á landbúnaðarsvæðum sem ekki tengist beint landbúnaðarframleiðslu, sú heimild er þó víkkuð út en sett hámarksstærð á byggingarmagn fyrir slíka starfsemi, 500 m².

Skilgreindar eru reiðhjólaleiðir og gönguleiðir og einnig voru reiðleiðir yfirfarnar og eru þær að miklu leyti í samræmi við þær leiðir sem sýndar eru á vef Landssambands hestamannafélaga.

Skógræktarsvæði eru afmörkuð í samræmi við gögn frá Skógræktinni. Svæði SL7 er afmarkað skv. loftmynd.

Ný hverfisverndarsvæði eru skilgreind á svæðum þar sem náttúrulegt birkikjarr vex. Einnig er sett hverfisvernd umhverfis Meðalfellsvatn og á Laxá og Bugðu til að stuðla að frekari verndun lífríkis.

Nákvæmari staðsetning er á nokkrum vatnsbólum og sýnd eru grann- og fjærsvæði við flest vatnsból. Þá hefur farið fram aðalskráning og eru minjarnar sýndar á uppdrætti í samræmi við það og fjallað um þær helstu í greinargerð.

3.2 SKIPULAGSLÝSING

Lýsing vegna nýs aðalskipulags var auglýst frá 8. – 15. febrúar 2017, einnig var hún send lögbundnum umsagnaraðilum til umsagnar. Athugasemdir bárust frá allnokkrum aðilum.

Minjastofnun kom með eftirfarandi ábendingar við lýsingu aðalskipulagsins:

- Gera þarf skrá yfir friðlýst hús, heimilisfang, byggingarár, staðsetningu/hnit og ljósmynd. Sambærilega skrá þarf að gera fyrir friðuð hús, 100 ára og eldri og fyrir hús byggð árið 1925 eða fyrr og kirkjur byggðar árið 1940 eða fyrr.
- Gera þarf húsakönnun við gerð deiliskipulags.
- Í stað fornminja verði notað orðið menningarminjar.

Skógræktin kom með eftirfarandi ábendingu við lýsingu aðalskipulagsins:

- Safna þarf upplýsingum um skógrækt og skógræktaráform sem liggja fyrir s.s. á skilgreindum skógræktar- og landgræðslusvæðum, landbúnaðarsvæðum, útivistarsvæðum og óbyggðum svæðum svo unnt sé að marka stefnu um skógrækt til framtíðar.

Veðurstofan kom með eftirfarandi ábendingu við lýsingu aðalskipulagsins:

- Leggja þarf áherslu á mikilvægi hinna ýmsu þátta náttúruvár við skipulagsgerðina.

Fiskistofa kom með eftirfarandi ábendingu við lýsingu aðalskipulagsins:

- Skoða má hvernig nýta má veiðivötn sem aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Skipulagsstofnun setti setti fram eftirfarandi ábendingar við lýsingu aðalskipulagsins:

- Taka þarf mið af íbúðapróun í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins þar sem fjallað er um íbúðapróun í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu. Gera þarf grein fyrir tegund og fjölda íbúða og meta þörf fyrir nýjar íbúðir í tengslum við íbúðapróun og að teknu tilliti til aldurspróunar og tegundar íbúðarhúsnæðis.
- Greina þarf fjölda frístundahúsa og áætla eftirspurn út skipulagstímabilið. Það sama á við um atvinnuhúsnæði s.s. vegna verslunar- og þjónustu, landbúnaðar eða iðnaðar.
- Gera þarf grein fyrir þeirri aðferðarfræði sem beitt var við flokkun landbúnaðarlands.
- Æskilegt er að skilgreina helstu ferðamannastaði og áfangastaði og tengingar þar á milli s.s. ferðamannaleiðir.
- Taka þarf saman yfirlit yfir fjölda og tegund gististaða, fjölda gistirúma og gistináttanýtingu í sveitarfélaginu. Út frá þeim upplýsingum þarf að meta þörf fyrir fjölgun gistirúma á skipulagstímabilinu og marka stefnu um hvar og hvernig þörf fyrir uppbyggingu verður mætt.
- Gera þarf uppdrátt yfir núverandi vegakerfi.

- Gera þarf betri grein fyrir því hvernig áætlanir í töflu um tengsl við aðrar áætlanir í forsenduhefti aðalskipulagsins tengjast endurskoðuninni efnislega. Skoða þarf svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs og reglugerð um fráveitur og skulp og um meðhöndlun seyru.
- Gera þarf grein fyrir hvernig aðalskipulagið styður við landsskipulagsstefnuna. Nýta má viðmið og matsspurningar úr henni við umhverfismat stefnunnar.
- Gera þarf grein fyrir samsvörun aðalskipulagstillögunnar við Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040. Nýta má viðmið og matsspurningar úr því við umhverfismat stefnunnar.
- Gera þarf grein fyrir því hvernig staðið var að umhverfismati tillögunnar og hverjir komu að því.
- Leita þarf umsagnar Skógræktarinnar og Náttúrufræðistofnunar.

Við vinnslu aðalskipulagstillögunnar hefur verið reynt að bregðast við ofangreindum athugasemdum og skýra þá þætti sem þörfuðust frekari skýringar.

3.3 SAMRÁÐ OG KYNNING

Meðan á skipulagsvinnunni stóð var fundað reglulega með vinnuhópi sveitarstjórnar. Einnig var fundað með ýmsum starfsmönnum sveitarfélagsins, hagsmunaaðilum og haldnir íbúafundir. Þá voru aðalskipulagsgögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins meðan skipulagsvinnan stóð yfir.

- Íbúafundur/opið hús var í Ásgarði 1. nóvember 2016, þar sem kynnt var lýsing að verkefninu og þar með áherslur sveitarstjórnar auk þess sem drög að kortlagningu landbúnaðarlands voru kynnt.
- Haldinn var fundur í mars 2017 með nokkrum heimamönnum varðandi göngu- og reiðleiðir.
- Íbúafundur var haldinn 7. nóv. 2017 í Félagsgarði og þar var aðalskipulagstillagan kynnt.

3.4 AFGREIÐSLA EFTIR KYNNINGU AÐALSKIPULAGS

3.4.1 Kynning tillögu

Aðalskipulagstillagan var kynnt frá 3. nóvember til 24. nóvember 2017, aðliggjandi sveitarfélögum og svæðisskipulagsnefnd Höfuðborgarsvæðisins var m.a. bent á að tillagan væri í kynningu. Nokkrar ábendingar og athugasemdir bárust á kynningartíma og voru eftirfarandi breytingar gerðar á tillögunni:

- Íbúðarsvæði í landi Eilífsdals er beggja vegna Eyrarfjallsveggar. Horfið er frá því að skipta svæðinu í tvennt, ofan og neðan vegar, og svæðið er sameinað í eitt svæði, ÍB4.
- Sett inn nýtt um 14,7 ha frístundasvæði, F26a og b, í Ásamýri úr landi Írafells.
- Svæði F10d stækkað til austurs.
- Hætt er við að minnka frístundasvæði á góðu landbúnaðarlandi en þess í stað sett inn eftirfarandi ákvæði varðandi frístundabyggð: „Núverandi frístundasvæði innan landbúnaðarlands í flokkum I og II verða felld út við næstu endurskoðun aðalskipulags séu framkvæmdir ekki hafnar“.
- Sett inn nýtt efnistökusvæði, E32, í farvegi Laxár í landi Hækingsdals.
- Sett inn nýtt efnistökusvæði, E33, í farvegi Laxár í landi Sogns.
- Efnistökusvæði á Búðasandi verði minnkuð í 0,2 ha og 1.000 m³.
- Efnistökusvæði E11a í landi Háls er tekið út.
- Sett var inn nýtt verslunar- og þjónustusvæði, VP6, í landi Þúfu.
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði á Hjalla verður verslunar- og þjónustusvæði, VP7.
- Á verslunar- og þjónustusvæði í Hvammsvík er gert ráð fyrir gistingu fyrir allt að 50 gesti í stað 120.
- Skógræktarreitur á Reynivöllum er afmarkaður á uppdrætti og fjallað um hann í greinargerð, kafla 2.3.3.
- Minjar sem njóta hverfisverndar eru þær, sem skv. niðurstöðum fornleifaskráningar í Kjósarhreppi, ber að vernda sérstaklega. Eru þær sýndar á skipulagsuppdrætti.

- Afmörkun á fjarsvæði við vatnsból VB15 lagfærð.
- Texti um landskipti í kafla 2.3.1 lagfærður.
- Sett var inn umfjöllun um verndun víðerna í kafla 2.7.

3.4.2 Afgreiðsla sveitarstjórnar

Þann 14. desember 2017 samþykkti sveitarstjórn Kjósarhrepps að aðalskipulagstillaga ásamt umhverfisskýrslu yrði send til Skipulagsstofnunar. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun þann 13. febrúar 2018. Helstu athugasemdir stofnunarinnar voru eftirfarandi:

- Gera þurfti grein fyrir samræmi skipulagstillögu við Landsskipulagsstefnu 2015 – 2026 og svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2040.
- Að mati Skipulagsstofnunar þarf að rökstyðja af hverju horft er til miðspár Hagstofunnar fremur en íbúaspár fyrir Höfuðborgarsvæðið 2040.
- Gera þarf grein fyrir heildarfjölda og tegund íbúða í sveitarfélaginu og setja fram áætlun um þörf fyrir nýjar íbúðir á skipulagstímabilinu vegna líklegar íbúðapróunar.
- Skipulagsstofnun bendir á að gera þarf betur grein fyrir stefnu um umfang og yfirbragð á einstökum frístundareitum s.s. fjölda lóða, þéttleika og stærð húsa til leiðbeiningar fyrir deili-skipulag.
- Skipulagsstofnun bendir á að ef heimila á uppbyggingu á afþreyingar- og ferðamannasvæðum þarf að setja skýrari stefnu um umfang og eðli hennar á hverjum stað fyrir sig og hafa þarf í huga skilin á milli eðlis uppbyggingar á AF svæðum og VP svæðum.
- Að mati Skipulagsstofnunar þarf að gera grein fyrir því hvort og þá hvernig stefna sveitarfélagsins um sorpförgun samræmist svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 - 2020.
- Skipulagsstofnun bendir á að ekki er hægt að heimila allar þær framkvæmdir sem tilgreindar eru á bls. 22 á svæðum sem skilgreind eru sem óbyggð svæði eða skógræktar- og landgræðslusvæði og þarf því að lagfæra það.
- Skipulagsstofnun bendir á að skv. lögum um náttúruvernd skal forðast að raska tilteknum vistkerfum og jarðmyndunum sem njóta verndar nema brýna nauðsyn beri til. Fyrir þau efnistöku-svæði sem eru á svæði með sérstakt verndargildi þarf að taka það fram fyrir hvert svæði fyrir sig og rökstyðja hvaða brýna nauðsyn eða almannahagsmunir krefjast þess að efnistaka fari fram á viðkomandi svæði.
- Að mati Skipulagsstofnunar þarf að útfæra stefnu um útivist á skilgreindum strandsvæðum í samræmi við landnotkunarskilgreiningu skipulagsreglugerðar og setja skipulagsákvæði um hvers konar mannvirki verða heimil á strandsvæðum.
- Skipulagsstofnun bendir á að tilefni er til að sýna héraðsvegi og slóða á skýringaruppdrætti og gera greinarmun á vegum og slóðum sem eru opnir allri umferð og þar sem umferð er háð takmörkunum sbr. 32. gr. laga um náttúruvernd.
- Að mati Skipulagsstofnunar þarf að setja fram viðmið um hvenær gerð verður krafa um sam-eiginlega fráveitu svo sem viðmið um þéttleika, einkenni landslags eða náttúrufar.
- Skipulagsstofnun bendir á að í umhverfisskýrslu þarf að lýsa raunverulegum áhrifum á umhverfið svo það gefi sem besta mynd af því hver áhrif skipulagsáætlunar eru á umhverfið. Fjalla þarf um núll-kost, þ.e. hvernig búast má við að núverandi umhverfisþættir þróist án framfylgdar stefnunnar.

Stýrihópur aðalskipulags vann breytingar á tillögu í samræmi við ábendingar Skipulagsstofnunar og þann 27. mars 2018 samþykkti sveitarstjórn tillögu að Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017 – 2029 með áorðnum breytingum og að hún verði send til Skipulagsstofnunar með ósk um heimild til auglýsingar.

Svar frá Skipulagsstofnun barst þann 22. maí 2018. Skipulagsstofnun samþykkti að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga þegar brugðist hafi verið við eftirfarandi athugasemdum.

- Að mati Skipulagsstofnunar er æskilegt að nýta texta, úr 4. lið í viðbrögðum sveitarstjórnar við athugasemdum stofnunarinnar frá 13. febrúar 2018, til frekari rökstuðnings í tillögunni fyrir því

að miða við miðspá Hagstofunnar fremur en íbúaspá Höfuðborgarsvæðisins 2040. Skipulagsstofnun bendir á að þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir á svæðum fyrir frístundabyggð þarf að gera betur grein fyrir stefnu um fjölda lóða, þannig að skýrt sé hvort þar er gert ráð fyrir fleiri húsum en tilgreind eru í töflunni.

- Í umfjöllun um landbúnaðarsvæði ætti að taka upp efri hluta af texta, í 7. lið í viðbrögðum sveitarstjórnar við athugasemdum stofnunarinnar frá 13. febrúar.
- Skipulagsstofnun áréttar að bregðast þarf við þeim atriðum sem komu fram í bréfi stofnunarinnar þann 13. febrúar og ekki hefur verið brugðist við. Á þetta einkum við um nákvæmni í orðalagi, stefnu um einstaka landnotkunarflokka og skýrleika umhverfismats.

Gerðar voru breytingar á tillögu varðandi gildistíma skipulagsáætlunar og sett inn skýrara orðalag varðandi frístunda- og landbúnaðarsvæði.

3.5 AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU AÐALSKIPULAGS

Aðalskipulagstillagan var auglýst frá 31. maí 2018 til 14. júlí 2018.

Alls bárust 28 athugasemdir og 12 umsagnir, sem voru teknar til umfjöllunar á fundi stýrihóps 6 september og afgreiðslu 1 október.


Eftirfarandi breytingar voru gerðar á aðalskipulagstillögunni til að koma til móts við athugasemdir.

- Sett inn ÍB8 – Eyri, fyrir allt að 8 lóðir neðan Hvalfjarðarveggar, þar sem áður var skilgreind búgarðabyggð.
- Svæði F21 var minnkað til samræmis við ákvæði í samningum við lóðarhafa.
- Svæði F12a minnkað að ósk landeigenda.
- Svæði F25 er stækkað.
- Staðsetning Vatnsbóls (VB25) í landi Möðruvalla 1 er leiðrétt og afmörkun vatnsverndarsvæðis.
- Hnykkt er á umfjöllun um frárennsli á frístundasvæðum innan hverfisverndarsvæða.
- Bætt er inn hverfisverndarsvæði á Búðasandi, HV7, og sett ákvæði fyrir það.
- Reiðleið í landi Sands, meðfram Sandsá og að Hjalla, var felld út að ósk landeigenda.
- Tvö efnistökusvæði voru færð lítillega til.
- Stærð efnistökusvæða breytt á nokkrum stöðum og hnykkt á umfjöllun um veitingu framkvæmdaleyfis fyrir efnistöku á verndarsvæðum.
- Öll efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdaleyfi fyrir árslok 2020.
- Bætt er inn opnu svæði, OP7, í landi Hjalla.
- Stærð friðlýsts svæðis við Steðja er leiðrétt í greinargerð.
- Felld er út að heimilt sé að leigja út orlofshús.
- Heimilt er að leigja út frístundahús fyrir heimagistingu. Önnur tegund gistipjónustu er óheimil í frístundabyggðum.
- Tekið er fram að flokkun landbúnaðarlands sé hluti forsendugagna.

4 HEIMILDIR

- Alþingi Íslands. (2007). Vegalög nr. 80/2007. Retrieved from <http://www.althingi.is/lagas/142/2007080.html>
- Alþingi Íslands. (2012a). Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Ísland. Retrieved from <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>
- Alþingi Íslands. (2012b). Þingsályktun um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014, nr. 3/141. Retrieved from <http://www.althingi.is/altext/141/s/0592.html>
- Alþingi Íslands. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 (2015). Iceland. Retrieved from <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>
- Alþingi Íslands. (2015b). *Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015-2018*. Retrieved from <http://www.althingi.is/altext/pdf/144/s/1341.pdf>
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, & Samtök ferðapjónustunnar. (2015). *Vegvísir í ferðapjónustu*. Reykjavík. Retrieved from http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/tolur_utgafur/Skyrslur/vegvisir_2015.pdf
- Birna Lárusdóttir ritstjóri, Ásta Hermannsdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir, & Unnur Magnúsdóttir. (2008). *Fornleifaskráning í Kjósarhreppi I*. Reykjavík.
- Netspor ehf. (2010). Atvinnumál í Kjós.
- Ómar Smári Kristinsson. (2015). *Hjólabókin. 4. bók: Árnessýsla. Dagleiðir í hring á hjóli*. Vestfirski forlagið. [pilagrimar.is](http://www.pilagrimar.is). (n.d.). Pílagrímaleið frá Bæ í Borgarfirði í Skálholt. Retrieved November 11, 2015, from <http://www.pilagrimar.is/sumar-2015.html>
- RARIK. (2017). *Ferð stjórnar RARIK um vesturland 2017*.
- Samgönguráðuneytið. (2007). Reglugerð um flugvelli nr. 464/2007. Retrieved from <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/464-2007>
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. (2015). Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040, 1–112.
- Skipulagsstofnun. (2015). *Landsskipulagsstefna 2015-2026. Tillaga til umhverfis- og auðlindaráðherra*. Retrieved from http://www.landsskipulag.is/media/lsk-tillaga-15-26-til-radhera/LSK_tillaga_til_radhera_mForsid_12032015.pdf
- Sólveig Guðmundsdóttir Beck. (2010). *Fornleifaskráning í Kjósarhreppi II*. Reykjavík.
- Sólveig Guðmundsdóttir Beck ritstjóri, & Sigurjóna Guðnadóttir. (2012a). *Fornleifaskráning í Kjósarhreppi III, I bindi*. Reykjavík.
- Sólveig Guðmundsdóttir Beck ritstjóri, & Sigurjóna Guðnadóttir. (2012b). *Fornleifaskráning í Kjósarhreppi III. II bindi*. Reykjavík.
- Steinsholt ehf. (2017). *Kjósarhrepur. Flokkun landbúnaðarlands*.
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2013). Skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Retrieved from <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/090-2013>
- Umhverfiráðuneytið. (1999). Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 796/1999. Retrieved from <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfis--og-audlindaraduneyti/nr/4482>
- Umhverfiráðuneytið. (2010). *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum*.
- Umhverfisstofnun. (2015). Nátturuminjaskrá Suðurlands. Retrieved January 5, 2015, from <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/sudurland/>
- Vegagerðin. (2014). Vegaskrá 2014. Retrieved from <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/>


VIÐAUKI 1 - SKÝRINGARUPPDRAETTIR





KJÓSARHREPPUR

FLOKKUN LANDBÚNAÐARLANDS
Skýringaruppráttur



SKÝRINGAR

- Flokkur I
- Flokkur II
- Flokkur III
- Flokkur IV
- Ræktað land
- Skuðir og vatnafar
- Stofnvegir
- Aðrir vegir
- Kjósarhreppur

STEINSHOLT

EFLA

KJÓSARHREPPUR


Skýringaruppráttur 2


Verk: 1606 SA120	Mkv: 1:85.000	Dags: 01.03.2018
Teiknað: GLS	Bláðstærð: A3	



KJÓSARHREPPUR

BYGGÐ
Skýringaruppdráttur








KJÓSARHREPPUR


VERNDARSVÆÐI. SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ, HVERFISVERND OG VATNSVERND
Skýringaruppráttur





KJÓSARHREPPUR

MENNINGARMINJAR SKV. AÐALSKRÁNINGU
Skýringaruppráttur





	Ársdagsumferð
	Mögulegir viðkomustaðir ferðamanna
	Hótel
	Gististaðir
	Tjaldsvæði
	Kjósarhreppur

MÖGULEGIR VIÐKOMUSTAÐIR FERÐAMANNA
 Á vegum Ferðamálastofu voru kortlagðir mögulegir viðkomustaðir ferðamanna og helstu innviðir svæða. Markmiðið var að kortleggja staði þar sem upplifa má staðbundna og sérstaka eiginleika í náttúruferi og menningu, þannig að staðirnir hefðu mögulegt aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Skráningin gefur áhugaverðar viðsýningar um sérkenni svæða sem huganlega má nýta og/eða ástæða er til að vernda.

ÁRSDAGSUMFERÐ
Ársgdagsumferð er meðalumferð á dag yfir allt árið.
Tölurnar gilda fyrir árið 2015.

Heimild: Ferðamálastofa og Vegagerðin



KJÓSARHREPPUR

Skýringaruppdráttur 7

Verk: 1606 SA120	Mkv: 1:110.000	Dags: 01.03.2018
Teiknað: GLS	Bláðstærð: A3	